

ÁRSSKÝRSLA 2016



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

Ávarp forstjóra	5
Fjarskiptamál.....	5
Póstmál	6
Lokaorð.....	7
Fjarskiptamarkaðurinn	8
Fylgst með stöðunni	8
Tölfræðiskýrslur PFS.....	8
Norræn tölfræðiskýrsla.....	8
Markaðsgreiningar	9
Helstu verkefni á sviði markaðsgreininga á árinu 2016.....	9
Helstu verkefni vegna eftirlits með kvöðum á árinu 2016.....	10
Breytingar á regluverki í takt við tækniþróun.....	11
Internet hlutanna - nýjar reglur um númer fyrir tengd tæki.....	11
Nethlutleysi – opin og greið samskipti fyrir alla.....	12
Alþjónusta í fjarskiptum - ekki án takmarkana.....	12
Fjarskiptatækni og útbreiðsla.....	13
Fjarskiptatíðnir - takmörkuð auðlind.....	13
Tíðnistefna og tíðniúthlutanir PFS fyrir árin 2015 – 2018.....	13
Takmarkað framboð á FM-tíðnum fyrir hljóðvarp á höfuðborgarsvæðinu.....	14
Ísland ljóstengt – hröð útbreiðsla næstu kynslóðar fastaneta.....	14
Mælingar á gæðum fjarskiptasambands á vegum – Gagnvirk vefkort.....	16
Öryggi í fjarskiptum	17
Öryggi fjarskiptainnviða	17
Úttekt á farnetssendum á Kötlusvæðinu.....	17
Eftirlit með ljósvakanum – truflanavakt PFS	17
Norrænt samstarf.....	18
Netöryggissveitin CERT-ÍS	19
Póstmál.....	19
Gjaldskrá innan einkaréttar.....	19
Breytingar í dreifingu	20
Fækkun dreifingardaga í dreifibýli.....	20
Afgreiðslustaðir	20
Bréfaáskrá	20
Kostnaður Íslandspósts vegna alþjónustu og eftirlit PFS	20
Bókhaldslegur aðskilnaður milli alþjónustu og samkeppnisrekstrar	20
Kostnaður vegna alþjónustu.....	21
Neytendamál	22
Fylgst með verðlagi á fjarskiptamarkaði.....	22
Mikil breyting á verðlagningu í reiki innan EES-svæðisins.....	22
Verklagsreglur um skráningu og miðlun upplýsinga í símaskrá	23
Póst- og fjarskiptastofnun árið 2016.....	24
Málsmeðferðartími og fjöldi mála í málaskrá	25
Starfsemi PFS í tölum árið 2016.....	27
Ákvarðanir og úrskurðir	28
Ákvarðanir PFS.....	28
Úrskurðir úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.....	31
Ársreikningur Póst- og fjarskiptastofnunar 2016.....	34
Skráð fjarskiptafyrirtæki í lok árs 2016.....	36

ÁVARP FORSTJÓRA



FJARSKIPTAMÁL

Staða fjarskipta á Íslandi í alþjóðlegum samanburði

Á árinu birti Alþjóða fjarskiptasambandið, ITU, niðurstöðu úttektar sinnar á stöðu og þróun upplýsingasamfélagsins í heiminum. Þar er ríkjum raðað á lista eftir einkunum og niðurstöðum skv. mælikvörðum sem notaðir eru til að mæla stöðu og þróun upplýsingasamfélagsins. Helstu mælikvarðarnir eru aðgengi, notkun og kunnátta og færni notenda. Þegar litið er til alls þessa er Ísland nú næst efst á þessum alþjóðlega heildareinkunnalista, en efst er Suður-Kórea.

Heildarniðurstöðurnar sýna stöðuga þróun upplýsingasamfélagsins í öllum löndunum á listanum, en mikill munur er þó bæði milli ríkja og svæða í heiminum. Góð staða Íslands á listanum sýnir að aðgengi að fjarskiptaþjónustu og notkun Internetþjónustu hérlendis er meðal þess sem best gerist á heimsvísu.

Samkeppni skapar ávinning fyrir neytendur

Hin öra þróun fjarskipta og upplýsingasamfélagsins hér á landi byggir m.a. á opnun fjarskiptamarkaðarinnar fyrir samkeppni og því regluverki fjarskipta sem sett var upp til að stuðla að því að samkeppni gæti þróast á markaðnum. Þar má t.d. nefna innkomu NOVA á þennan markað 2007. Að mati dórnefndar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísir var sala Björgólfs Thors á NOVA til bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Pt Capital Advisors viðskipti ársins 2016. Á heimasíðu Björgólfs Thors, www.btb.is, er því haldið fram að innkoma NOVA á markað hafi stuðlað að því að verð á farsímaþjónustu hafi lækkað verulega og er ábati landsmanna af þessu metinn rúmlega 60 milljarðar króna yfir 10 ára tímabil. Hvort sem þessi tala er nákvæm eða ekki er ljóst að ábati landsmanna af samkeppni á fjarskiptamarkaði er verulegur. Í tilviki NOVA hefur samkeppnin einna helst verið á farsímahluta markaðarinnar, en sá hluti er tæpur þriðjungur af fjarskiptamarkaðnum í heild. Samkeppni er víðar á fjarskiptamarkaðnum, t.d. í talsíma, Internetþjónustu og sjónvarpsþjónustu. Það má því færa rök fyrir því að heildarábati neytenda af samkeppni í fjarskiptum sé talsvert hærri, jafnvel meiri en tvöfalt meiri eða yfir 100 milljarðar yfir 10 ára tímabil. Þetta sýnir svo

ekki verður um villst hversu mikilvægt er að fylgja opnun markaða eftir með skilvirku regluverki og eftirliti sem tryggir framgang samkeppni neytendum til hagsbóta.

Fjarskiptaáætlun og uppbygging háhraðaneta

Í fjarskiptaáætlun er að finna markmið um mjög gott aðgengi að háhraðanetþjónustu, bæði á fastanetum og í farnetum. Uppbygging fjarskiptainnviða hvílir aðallega á markaðsaðilum. Hið opinbera stuðlar að uppbyggingu innviða þar sem markaðsbrestur er. Fjarskiptasjóður hefur því undanfarið veitt fé til uppbyggingar fjarskiptainnviða í strjálbýli. Markmið stjórnvalda er að nær allir landsmenn fái notið góðrar tengingar við Internetið og þannig verið virkir þátttakendur í upplýsingasamfélaginu. Fyrirséð er að í lok áratugarins verði því nær öll heimili landsins tengd með 100 mbps hraða um fasta tengingu.

Útbreiðsla háhraðafarneta hefur vaxið hratt undanfarið. Markmið stjórnvalda eru að allir fái notið háhraðafarnets á heimili sínu, að útbreiðslan nái yfir 80% af landmassa Íslands og yfir 99% fiskimiða 40 mílur á haf út. Markaðsaðilar munu að langmestu leyti þróa farnet sín þannig að stærsti hluti þessara markmiða muni nást á þessum áratug. Helst er hætt við að íbúar í strjálbýli muni ekki njóta háhraðafarnetsþjónustu og að hluti landmassans njóti ekki útbreiðslu. Stjórnvöld þurfa að huga að aðgerðum ef tryggja á að markmiðum fjarskiptaáætlunar verði náð. Það má t.d. gera með því að kveða á um útbreiðslukröfu í tíðniheimildum, stuðla að uppbyggingu vel tengdra fjarskiptasendastaða utan alfaraleiða, stuðla að aukinni samnýtingu fjarskiptainnviða og í afmörkuðum tilfellum að fjármagna uppbyggingu innviða farneta á samfélagslegum grunni. Í ljósi þess að farnet gegna í æ ríkari mæli hlutverki helsta öryggistækis almennings kann einnig að koma til þess að stjórnvöld hlutist til um að auka enn rekstraröryggi farneta.

Fjölgun tíðniheimilda fyrir farnet

Á árinu hóf stofnunin undirbúning að ráðstöfun stórau- inna fjarskiptatíðna fyrir farnet. Gert er ráð fyrir að aðgengileg bandbreidd í tíðnirófinu verði meira en tvöfölduð á næstu árum með ráðstöfun ýmissa nýrra tíðnibanda. Er þetta gert í ljósi gríðarlegrar aukningar

notkunar gagnaflutnings í farnetum sem ekki sér fyrir endann á. Með þessari aukningu ætti farsímafyrirtækjunum ekkert að vera að vanbúnaði að bjóða almennan gagnaflutningshraða um eða yfir 100 mbps við góð skilyrði. Tengt aukinni notkun farneta og aukinni ráðstöfun tíðniheimilda eru auknar radiótruflanir. Árið 2016 var slegið met í þeim efnum. Mikilvægt er að stofnuninni verði búinn nauðsynlegur starfsgrundvöllur til að geta sinnt viðbrögðum við skaðlegum radiótruflunum hratt og vel alls staðar á landinu.

Internet hlutanna

Flest bendir til þess að gríðarleg aukning verði á því að ýmiss konar hlutir og búnaður verði tengdir Internetinu, annað hvort þráðlaust eða þráðbundið; talað er um Internet hlutanna. Líklegt er að næsta kynslóð farneta, 5G, verði sérstaklega hönnuð fyrir stýringar og stjórnun alls konar hluta og þeim þjónustum sem þeim tengjast. Hlutverk stjórnvalda er að ryðja hindrunum úr vegi þessarar þróunar og gæta hagsmuna almennings m.a. í samskiptum við markaðsaðila. Stofnunin hefur þegar breytt reglum um símanúmer til að koma til móts við þessa þróun, hugað hefur verið að tíðnimálum vegna þessa og ráðgert er að efla eftirlit með rekstraröryggi fjarskiptanetsins og netöryggi (cyber security) enn frekar.

Rekstraröryggi fjarskiptakerfa og eftirlit PFS

Stofnunin hefur undanfarið gert vettvangsrannsóknir á rekstraröryggi fjarskiptakerfa. Á árinu 2015 var hýsingaraðstaða Mílu á 6 stöðum tekin út. Gerði stofnunin nokkrar athugasemdir við stöðu mála. Einnig var unnið að úttekt á öryggi farnetsenda á rýmingarsvæði Kötlu í ljósi yfirvofandi náttúruhamfara þar. Jafnframt hefur stofnunin sent innanríkisráðuneytinu áætlanir sínar er miða að því að herða enn frekar eftirlit með raunlægu öryggi fjarskiptanetsins. Stofnunin telur mikilvægt að stuðla með virkum hætti að sem bestu öryggi enda er ljóst að fjarskiptanetin eru grundvöllur þeirrar iðnyltingar sem við nú upplifum og því mikilvægt að treysta undirstöðurnar sem best.

Regluverk um fjarskipti í breytingaferli

Miklar breytingar eru fyrir séðar á regluverki fjarskipta. Á árinu birti framkvæmdastjórn ESB hugmyndir sínar að þróun fjarskiptaregluverksins. Nái þessar hugmyndir fram að ganga munu þær leiða til aðgerða til að efla uppbyggingu háhraðaneta, auka aðgengi að fjarskiptaþjónustu og efla enn frekar regluverk fyrir Internet hlutanna. Jafnframt mun bráðlega verða innleitt regluverk um nethlutleysi og netöryggi, ásamt regluverki um hagkvæma uppbyggingu fjarskiptainniða.

Dreifing sjónvarps og útvarps

Fjarskiptanet hafa að stórum hluta tekið við sem dreifikerfi fyrir sjónvarp. Notkun slíkrar tækni, m.a. með Sjónvarpi Símans og Vodafone PLAY hérlendis, er langt umfram það sem þekkest erlendis. Þessu fylgja vissar áskoranir varðandi markaðspróun og viss hættu er á að til lengri tíma litið gæti þessi þróun leitt til fákeppni á markaði þar sem smærri aðilar eiga erfitt með að herma eftir vöruframboði stóru fjarskiptaneta. Jafnframt gæti komið upp sú staða að aðgangur að tilteknu efni verði bundinn við tiltekið aðgangsnét og því gætu neytendur þurft að skipta um aðgangsnét eða vera með fleiri en eina virka tengingu við heimilið til að hafa aðgang að öllu því efni sem þeir hafa áhuga á.

Komið er að endurskoðun fyrirkomulags hljóðvarpsþjónustu á FM-tíðnisviðinu, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Vegna skorts á hentugum sendastöðum fyrir FM-senda er orðið afar þröngt um nýjar útvarpsstöðvar og stofnunin þarf að takmarka aðgang markaðsaðila að FM-tíðnirófinu með því að heimila einungis eina tíðni fyrir hverja dagskrá. Taka þarf til umræðu aðstöðu fyrir sendabúnað hljóðvarps, skipulag FM-tíðnisviðsins og innleiðingu nýrrar tækni fyrir hágæða starfrænt hljóðvarp t.d. með DAB-tækni.

PÓSTMÁL

Póstþjónusta hefur átt undir högg að sækja vegna minnkandi bréfamagns. Tap hefur verið á þeim hluta starfsemi Íslandspósts er lítur að útburði almenns bréfaþósts sem fellur undir alþjónustu. Til að reyna að stemma stigu við þessu tapi var brugðið á það ráð að heimila að einfalda dreifikerfi pósts sem borinn er út af landpóstum í dreifbýli á þann hátt að nú er póstur í dreifbýli borinn út annan hvern virkan dag; þrjú daga aðra vikuna og tvo daga hina vikuna. Metinn sparnaður af þessari hagræðingu er um 200 milljónir á ári. Nokkuð virðist einnig vera að rofa til vegna stóraukinnar netverslunar landans með tilheyrandi pakkasendingum. Þó er ekki allt sem sýnist í þeim efnum, en vegna skuldbindinga í alþjóðasamningum er verðlagning sumra alþjóðlegra póstsendinga, einkallega frá Kína, rekin með tapi. Þessar breytingar virðast þó í heildina hafa orðið til þess að nú hillir undir að rekstur Íslandspósts sé að komast í jafnvægi eftir nokkuð mörg mögug ár hjá fyrirtækinu. Sú staða ætti að auðvelda innleiðingu nýrra póstlaga, en með þeim verður einkaréttur af útburði 50 gramma bréfa afnuminn.

LOKAORÐ

Sennilegt er að eftirlit með fjarskiptum muni taka verulegum breytingum á næstu árum í ljósi þeirrar þjónustu sem boðin er á Internetinu. Viðskiptamódel stærstu þjónustuaðila Internetsins eins og Google, YouTube, Facebook og fleiri gengur út á það að gera sér verðmæti úr þeim persónuupplýsingum sem notendur láta í té, meðvitað eða ómeðvitað, þegar þeir nýta sér viðkomandi þjónustu. "Greiðsla" notandans fyrir þjónustuna felst því í því að láta í té upplýsingar um sjálfan sig. Ljóst er að þessi alþjóðaafyriertæki hafa safnað upp gríðarlegum persónuupplýsingum um notendur. Þessar upplýsingar eru í mörgum tilfellum greindar með háþróaðri tækni gervigreindar og búin til svo kölluð persónusnið (e. profile) um notandann. Þetta persónusnið er síðan lagt til grundvallar við framboð ýmiss konar þjónustu sem notandi Internetsins kann að óska eftir. Þjónusta Internetsins, t.d. leit, er þannig sniðin að þörfum hvers og eins. Einnig er hægt að þróa persónusnið um aðra þætti er varða einstaklinginn, t.d. um pólitískar skoðanir. Talið er að slík persónusnið hafi verið notuð nýlega til að hafa áhrif á úrslit kosninga í nágrennalöndum okkar með því að senda sérsniðnar upplýsingar á notendur t.d. á Facebook. Það má velta því fyrir sér hve margir þeirra sem fengu slík skilaboð hafi gert sér grein fyrir því að með því að samþykkja viðskiptaskilmála stóru þjónustuaðilanna verði pólitískar skoðanir þeirra greindar með þessum hætti. Í fjarskiptalögum í dag eru ákvæði er varða vernd fjarskiptaumferðarupplýsinga, þ.e. upplýsingar um hver hringir í hvern, klukkan hvað, hve lengi er talað og svo framvegis. Þessar upplýsingar eru því að sumu leyti sama eðlis og þær upplýsingar sem stóru Internetveiturnar safna. Þessum upplýsingum skal haldið til haga í 6 mánuði í þágu rannsóknarhagsmuna og þeim skal síðan eytt. Um vinnslu þessara upplýsinga gilda auk þess strangar reglur og mega fjarskiptafélögin einungis nýta upplýsingarnar til vinnslu reikningaupplýsinga. Stofnunin fylgir eftir þessum reglum t.d. með vettvangsrannsóknum.

Hér hefur því skapast ákveðið ójafnvægi. Fjarskiptaumferðarupplýsingar lúta ströngu eftirliti innanlands, en söfnun og varðveisla persónuupplýsinga á vegum alþjóðlegra Internetþjónustuaðila, sem eru í mörgum tilfellum mun yfirgripsmeiri og ítarlegri en nokkurn tíma fjarskiptaumferðarupplýsingarnar, lítur nær engu eftirliti enn sem komið er. Vera kann að viðhorf almennings til verndar persónuupplýsinga hafi breyst þannig að uppsöfnun Internetþjónustufyrirtækjanna sé talin eðlileg. Hitt er þó ljóst að umfjöllun um vernd fjarskiptaumferðarupplýsinga héraendis ber það með sér að almenningur virðist líta á hana sem afar mikilvæga. Ekki er ósennilegt að þetta ójafnvægi komi til kasta löggjafans á hinum pólitíska vettvangi fyrir eða síðar; annað hvort með tilslökunum varðandi reglur um fjarskiptaumferðarupplýsingar eða hert eftirlit með söfnun persónuupplýsinga alþjóðlegra Internetþjónustuaðila. Í öllu falli er full ástæða fyrir almenning að huga að því í dag með hvaða hætti slíkar upplýsingar eru látnar í té.

Hrafnkell V. Gíslason

FJARSKIPTAMARKAÐURINN

FYLGST MEÐ STÖÐUNNI


Tölfræðiskýrslur PFS

Tvisvar á ári safnar Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) upplýsingum frá skráðum fjarskiptafyrirtækjum hér á landi um ýmsar stærðir í rekstri og þjónustu á sviði fjarskipta. Upp úr þeim tölum vinnur stofnunin tölfræðiskýrslur sem sýna upplýsingar um helstu stærðir og fyrirtæki á íslenskum fjarskiptamarkaði. Koma skýrslurnar út tvisvar á ári, á öðrum ársfjórðungi fyrir allt árið á undan og fjórða ársfjórðungi fyrir stöðuna um mitt sama ár. Markmiðið er að bæta upplýsingagjöf og auka gagnsæi á þessum markaði og eru skýrslur PFS í samræmi við þær skýrslur sem systurstofnanir PFS í nágrannalöndum okkar gefa út. Sjá tölfræðiskýrslu um íslenska fjarskiptamarkaðinn á fyrri helmingi ársins 2016 á vef PFS.

Tölfræðiskýrsla fyrir fyrri helming ársins 2016 sýnir m.a. að á farnetsmarkaði er virk samkeppni og markaðsskipting milli þriggja stærstu félaganna nokkuð jöfn, en Nova er með rúmlega 34% markaðshlutdeild, Síminn með tæplega 34% og Vodafone með um 27,5%. Á markaði fyrir Internetþjónustu hefur Síminn um 49% hlutdeild, Vodafone rúmlega 28%, 365 með tæplega 12% og aðrir minna. Staðan á markaði fyrir fastanet hefur haldist frekar stöðug á undanförunum árum þar sem Síminn er langstærstur með um 63% markaðshlutdeild, en næst kemur Vodafone með um 23%.


Farsímaáskriftir

Markaðshlutdeild eftir fyrirtækjum



Fjöldi Internettenginga

Markaðshlutdeild eftir fyrirtækjum



Norræn tölfræðiskýrsla

Árlega er gefin út tölfræðiskýrsla sem unnin er í samvinnu PFS og systurstofnana hennar á Norðurlöndunum og í Eystrasaltlöndunum. Þar eru teknar saman sambærilegar tölur um notkun helstu þátta fjarskiptaþjónustu og þróun undanfarinna ára í löndunum átta.

Á heildina litið er fjarskiptanotkun mjög lík í þessum löndum og íbúar þeirra nýta sér sambærilega tækni á svipaðan máta. Þrátt fyrir það má þó víða sjá mun á notkun og þróun einstakra þátta.

Skýrsluna er hægt að nálgast á vef PFS

MARKAÐSGREININGAR

Markaðsgreiningar á fjarskiptamarkaði eru stór þáttur í starfi PFS. Þeim er beitt til að efla samkeppni með því að greina stöðu markaðsaðila og leggja á viðeigandi úrræði ef samkeppni er ekki talin vera næg. Markaðsgreiningin er grundvöllur ákvörðunar um það hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða fella niður sérstakar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk.

Framkvæmd markaðsgreiningar má skipta í þrjá áfanga:

1. Skilgreina viðeigandi þjónustumarkaði og landfræðilega markaði
2. Greina alla markaði, kanna hvort samkeppnin á þeim sé virk og taka ákvörðun um hvort þar finnst eitt eða fleiri fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild
3. Taka ákvörðun um hvort leggja skuli á, viðhalda, breyta eða draga til baka kvaðir á fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild

PFS framkvæmir greiningar á þeim mörkuðum sem tilgreindir eru í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), í samræmi við fjarskiptalögin og skuldbindingar Íslands skv. EES-samningnum. Fjarskiptalöggjöfin gerir jafnframt ráð fyrir því að PFS skilgreini þessa markaði í samræmi við séríslenskar aðstæður. Því má gera ráð fyrir að markaðs-skilgreining PFS geti verið frábrugðin þeirri sem er í tilmælunum. PFS er jafnframt heimilt að rannsaka aðra fjarskiptamarkaði en þá sem taldir eru upp í tilmælunum. Núgildandi tilmæli ESA voru gefin út 11. maí 2016, en í þeim eru mun færri markaðir tilgreindir heldur en í fyrri tilmælum ESA um sama efni sem gefin voru út árin 2004 og 2008. Talið var að almennt uppfylltu ekki allir markaðirirnir í tilmælunum frá 2008 lengur þau skilyrði sem eru forsenda þess að beita megi fyrirfram kvöðum. Þeir markaðir sem skylt er að taka til skoðunar samkvæmt gildandi tilmælum ESA frá 2016 eru eftirfarandi heildsölumarkaðir:

Markaður 1: Lúkning símtala í einstökum almennum símkerfum með fasttengingu.

Markaður 2: Lúkning símtala í einstökum farsímakerfum.

Markaður 3: a) Staðaraðgangur með fasttengingu.

b) Miðlægur aðgangur með fasttengingu fyrir fjöldaframléiddar vörur.

Markaður 4: Aðgangur með fasttengingu af miklum gæðum.

Enn eru í gildi greiningar PFS á eftirfarandi heildsölumörkuðum sem byggja á tilmælum ESA frá 2008:

Markaður 4: Aðgangur að föstum aðgangsnetum (þ.m.t. skiptur og óskiptur aðgangur). (Ákvörðun PFS nr. 21/2014).

Markaður 5: Breiðbandsaðgangur. (Ákvörðun PFS nr. 21/2014).

Markaður 6: Lúkningarhluti leigulína. (Ákvörðun PFS nr. 8/2014).

Markaður 7: Lúkning símtala í einstökum farsímanetum. (Ákvörðun PFS nr. 20/2015).

Að auki er í gildi greining á eftirfarandi heildsölumarkaði sem byggir á tilmælum ESA frá 2004: Stofnlínuhluta leigulína, sem áður var markaður nr. 14. (Ákvörðun PFS nr. 21/2015).

Á árinu 2016 lauk stofnunin greiningu á smásölumarkaði fyrir aðgang að fasta talsímanetinu og heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í fastaneti í samræmi við ársáætlun stofnunarinnar.

Enn fremur verður áfram lögð áhersla á að fylgja eftir þeim kvöðum sem lagðar hafa verið á í kjölfar markaðsgreininga, og þá sérstaklega kostnaðargreiningum á heildsöluverðum og endurskoðun á viðmiðunartilboðum.

Fyrirhugað er að greina eftirfarandi markaði á árinu 2017 í samræmi við tilmæli ESA frá 2016:

Markaður 3: a) Staðaraðgangur með fasttengingu (áður markaður 4/2008)

b) Miðlægur aðgangur með fasttengingu fyrir fjöldaframléiddar vörur (áður markaður 5/2008).

Markaður 4: Aðgangur með fasttengingu af miklum gæðum (áður markaður 6/2008).

Helstu verkefni á sviði markaðsgreininga á árinu 2016

Þann 23. desember 2016 birti PFS tvær ákvarðanir í kjölfar markaðsgreininga á mörkuðum fyrir talsímaþjónustu á fastlínunetum. Annars vegar var um að ræða ákvörðun nr. 22/2016 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum, markaður nr. 1/2016. Hins vegar var um að ræða ákvörðun nr. 23/2016 um markaðsgreiningu á smásölumarkaði fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu (markaður 1/2008) og heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala í fasta almenna talsímanetinu (markaður 2/2008).

Með ákvörðun PFS nr. 22/2016, þann 23. desember 2016, voru Síminn, Vodafone, Nova, Hringdu, Símafélagið og Tismi BV útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í

föstum talsímanetum og viðeigandi kvaðir lagðar á þau, þ.m.t. kvöð um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. PFS aflétti af Símanum kvöð um opinbera birtingu viðmiðunartilboðs, svo og kvöð Símans og Vodafone um bókhaldslega aðgreiningu.

Með ákvörðun nr. 23/2016 var kvöðum aflétt af Símanum á heildsölumarkaði fyrir upphaf símtala þar sem viðkomandi markaður uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir útnefningu aðila með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða, þar sem ekki voru lengur fyrir hendi verulegar aðgangshindranir á viðkomandi markaði. Með sömu ákvörðun var kvöðum einnig aflétt af Símanum á smásölumarkaði fyrir aðgang að almenna talsímanetinu. Viðkomandi markaður uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir útnefningu aðila með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða, þar sem ekki voru lengur fyrir hendi verulegar aðgangshindranir á viðkomandi markaði. Stofnunin leysir Símann undan kvöðum á viðkomandi mörkuðum í árslok 2017 þannig að fjarskiptafyrirtæki í heildsöluviðskiptum við Símann hafi hæfilegan aðlögunartíma til að mæta breyttum aðstæðum. Haustið 2016 var efnt til innanlandssamráðs um drög PFS að greiningu á ofangreindum mörkuðum. Markaður 1/2016 var greindur sérstaklega og markaðir 1/2008 og 2/2008 voru greindir saman. Samráð um drög að greiningunum stóð frá í annarri viku október 2016 í fjórar vikur. Athugasemdir bárust frá Samkeppniseftirlitinu. Þann 22. nóvember 2016 voru drög að ákvörðuninum send til samráðs til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og annarra fjarskiptaeftirlitsstofnana á EES-svæðinu með vísan til 7. gr. laga nr. 69/2009 um Póst- og fjarskiptastofnun. Þessir aðilar gerðu ekki athugasemdir við ákvörðunardrögin og því gat PFS tekið formlega ákvörðun í málinu í samræmi við ákvörðunardrögin.

Helstu verkefni vegna eftirlits með kvöðum á árinu 2016 Verðákvæðanir

Þann 28. október 2016 birti PFS ákvörðun sína nr. 17/2016 um heildsölugjaldskrá fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2/2008 og 3/2008). Mælt var fyrir um að niðurstaða verðsamanburðar sem stofnunin framkvæmdi yrði grundvöllur hámarksverða fyrir upphaf og lúkningu símtala. Samkvæmt ákvörðuninni skyldi heildsölugjald fyrir upphaf símtala í föstu talsímaneti Símans vera að hámarki 0,50 kr./mín. Þá skyldi heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum vera 0,14 kr./mín. og skal það verð gilda sem hámarksverð hjá Símanum, Vodafone, Nova, Símafélaginu og Hringdu. Hin nýju heildsöluverð tóku gildi frá og með 1. janúar 2017.

Þann 17. október 2016 birti PFS ákvörðun sína nr. 14/2016 um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á heildsölumarkaði. Mælt var fyrir um að niðurstaða verðsamanburðar sem stofnunin hefði framkvæmt væri grundvöllur hámarksverða Símans, Vodafone, Nova, IMC/Alterni og 365 á árinu 2017. Samkvæmt framangreindum verðsamanburði skyldi hámarksverðið lækka í 1,23 kr./mín. frá og með 1. janúar 2017.

Kostnaðargreiningar

Helstu verkefni vegna kostnaðargreininga á árinu 2016 voru eftirfarandi:

- Aðgangur að föstum aðgangsnetum (markaður 4), ákvörðunardrög í innanlandssamráð 22. janúar 2016 og aukasamráð 26. apríl 2016
- Lúkningarhluti leigulína (markaður 6), ákvörðunardrög í innanlandssamráð 25. maí 2016
- Breiðbandsaðgangur (markaður 5), ákvörðunardrög í innanlandssamráð 14. desember 2016

Áætlað er að ljúka framangreindum kostnaðargreiningum með ákvörðun á fyrri hluta ársins 2017 eftir innanlandssamráð og samráð við ESA.

Viðmiðunartilboð

Þann 9. ágúst 2016 birti PFS ákvörðun sína nr. 9/2016 þar sem stofnunin samþykkti nýtt viðmiðunartilboð Milu fyrir heildsöluáðgang að heimtaugum. Meðal helstu nýmæla var að hið nýja viðmiðunartilboð tók jafnt til koparheimtauga sem ljósleiðaraheimtauga, en áður gildandi viðmiðunartilboð tók aðeins til koparheimtauga, auk þess að hafa að geyma ákvæði um gæðaviðmiðunarsamninga og gæðatryggingar. Í ákvörðuninni voru skilmálar viðmiðunartilboðsins til meðferðar, aðrir en þeir er sneru að verðum. Um verðin er fjallað í öðru máli, þ.e. kostnaðargreiningu sem er til meðferðar hjá PFS.

Hið nýja viðmiðunartilboð leysti af hólmi eldra viðmiðunartilboð Milu um sama efni sem að stofni til var frá árinu 2009. Ofangreind ákvörðun byggðist á ákvörðun PFS nr. 21/2014 þar sem Míla var útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang að heimtaugum, ásamt því sem viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið til að freista þess að leysa þau samkeppnisvandamál sem greind voru á markaðnum. Meðal kvaða var að Míla skyldi endurskoða viðmiðunartilboð sitt m.t.t. breyttra markaðsaðstæðna.

Önnur viðmiðunartilboð í vinnslu á árinu 2016:

Unnið var að nýju viðmiðunartilboði fyrir bitastraumsaðgang Milu á árinu og var m.a. efnt til innanlandssamráðs þann 9. júní 2016 og 7. desember 2016.

Unnið var að nýju viðmiðunartilboði fyrir leigulínuaðgang Milu á árinu og var m.a. efnt til innanlandssamráðs þann 16. ágúst 2016 og 23. nóvember 2016.

Gert er ráð fyrir að ljúka framangreindum viðmiðunartilboðum með ákvörðun á fyrri hluta ársins 2017 eftir samráð við ESA.

BREYTINGAR Á REGLUVERKI Í TAKT VIÐ TÆKNIÞRÓUN

Internet hlutanna – nýjar reglur um númer fyrir tengd tæki

Bein samskipti milli tækja og hluta (M2M á ensku, eða TIT (tæki í tæki) á íslensku) fara nú hratt vaxandi m.a. vegna örrar tækniþróunar sem byggist á næstu kynslóðar fjarskiptakerfum og lækkun kostnaðar í farsíma- og farnetskerfum. Búist er við að fjöldi slíkra tækja í notkun um heim allan verði um 27 milljarðar á árinu 2024.

Þessi samskipti geta verið bæði þráðlaus og í fastlínukerfum. Sem dæmi um tæki og hluti sem byggja á TIT samskiptum má nefna faxtæki, viðvönarkerfi, sjálfsala, alls kyns tæki í iðnaðarframleiðslu og nú eru t.d. sjálfkeyrandi bifreiðar að ryðja sér til rúms.

Nauðsynlegt er að aðlaga regluverk um fjarskipti að þessum breytingum og nú hefur reglum um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta verið breytt þannig að hægt sé að úthluta númerum fyrir TIT þjónustu.

Á vef Stjórnartíðinda voru birtar nýjar reglur nr. 1289/2016 um breytingu á reglum nr. 590/2015 um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta. Samkvæmt nýju reglum hljóðar 19. tölulíður 7. gr. reglnanna svo:

„Númer sem byrja á 3, skulu vera 9 stafa löng. Númer sem byrja á 35 X XXX XXX skal úthlutað til notkunar fyrir tæki-í-tæki (TIT) þjónustur (e. M2M) vegna tækja sem eru framleidd innanlands eða eru flutt inn til innlendrar notkunar. Númer fyrir slíka þjónustu skulu ávallt tengjast símkorti (SIM). Óheimilt er að nota númer sem byrja á 3 í virðisaukandi þjónustu.“

Þessi nýja númeraröð telur 10 milljón númer. Það verður að koma í ljós á næstu árum hvort þessi númeraröð komi

til með að anna innlendri eftirspurn eftir TIT númerum eða hvort skilgreina þurfi fleiri númeraraðir í 3X X XXX XXX röðinni fyrir slíkar þjónustur.

Sú TIT þjónusta sem verið hefur til staðar hingað til hér á landi hefur notað hefðbundin fastlínu- eða farsímanúmer og í dag eru um 24.000 númer notuð fyrir slíka þjónustu. Vitað er um áhuga nokkurra aðila fyrir aukinni TIT þjónustu á Íslandi.

Nethlutleysi – opin og greið samskipti fyrir alla

Nýjar reglur um nethlutleysi á EES-svæðinu

Þann 30. apríl 2016 tók gildi ný reglugerð um nethlutleysi (e. Net Neutrality) innan Evrópusambandsins, hin svokallaða TSM reglugerð nr. 2015/2120.

Reglugerðin hefur verið innleidd í EES-samninginn og mun hún taka gildi hér á landi þegar Alþingi hefur gert viðeigandi breytingar á lögum.

Reglugerðin um nethlutleysi festir í lög ESB þá reglu að Internetið eigi að vera opið og fyrir alla. Ákvæði hennar tryggja rétt endanlegra notenda á aðgangi að upplýsingum, til að dreifa upplýsingum og efni og til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu að eigin vali.

Öll rafræn samskipti á fjarskiptamarkaðinum skulu vera meðhöndluð á jafnan hátt og flytja skal öll rafræn samskipti óháð efnisinnihaldi, hugbúnaði, notkunareiginleikum, þjónustu, búnaði, upprunavistfangi eða móttökuvistfangi. Reglugerðinni er ætlað að tryggja að Internetið haldi áfram að vera vettvangur óheftra boðskipta, nýsköpunar og viðskipta eftir bestu getu (e. best effort), sem felur í sér að tryggt sé eftir bestu getu að fjarskiptanetið geti annað öllum gagnaflutningi.

Samstarfsvettvangur evrópskra eftirlitsstofnana á sviði fjarskipta, BEREC (Body of European Regulators for Electronic Communications) kynntu þann 1. ágúst útfærðar leiðbeiningar til eftirlitsstofnananna sem samræma leiðsögn um eftirlit, framfylgni og opinbera upplýsingagjöf varðandi málefni sem falla undir reglugerðina um nethlutleysi og við úrlausn einstakra mála.

Leiðbeiningarnar munu einnig nýttast markaðsaðilum til að skipuleggja starfsemi sína varðandi nethlutleysi í samræmi við þær kvaðir sem reglugerðin hefur sett á fjarskiptafyrirtæki á EES-svæðinu.

Á vef PFS er að finna nánari upplýsingar um reglugerðina og leiðbeiningar BEREC:

<https://www.pfs.is/fjarskipti/nethlutleysi-reglugerd-esb/>

Úttekt PFS á stöðu nethlutleysis á Íslandi

Í ljósi hinnar nýju evrópsku reglugerðar um nethlutleysi og væntanlegrar innleiðingar hennar hér á landi taldi PFS vera tilefni til að gera úttekt á stöðu og framkvæmd nethlutleysis hér á landi og fá samanburð milli fjarskiptafyrirtækja um framkvæmdina.

Helstu niðurstöður úttektarinnar voru almennt jákvæðar, þótt ekki sé tilefni til að draga afgerandi ályktanir um framkvæmd á einstökum ráðstöfunum fjarskiptafyrirtækja (umferðarstýringum). Til dæmis virðist hægt að draga eftirfarandi ályktanir:

- Almennt er ekki verið að beita umferðarstýringum með það að markmiði að hafa áhrif á eða takmarka efni eða þjónustur á Internetinu, t.d. með því að takmarka hraða eða útiloka skráarskiptaþjónustur eða aðrar þjónustur á Internetinu.
- Fjarskiptaumferð er ekki skilyrt m.t.t. hvaða endabúnað er verið að nota. Á þetta bæði við í fastanetum og farnetum.
- Þegar nauðsynlegt er að beita umferðarstýringum vegna eðlis áskriftar, t.d. um hámarksgagnamagn, er getið um slíkt í skilmálum viðskiptasamnings við áskrifandann.
- Fjarskiptafyrirtækin virðast leggja þröngan skilning í hvað séu ómældar niðurbandsþjónustur (e. zero rating). Túlkun hugtaksins mun skýrast við framkvæmd reglna um nethlutleysi og í ljósi leiðbeininga sem samtök fjarskiptaeftirlitsstofnana í Evrópu (BEREC) vinna nú að.
- Óskýr skipting ábyrgðar milli netrekenda og sýndar- netsaðila um beitingu umferðarstýringa og upplýsingagjöf til PFS þar að lúandi.

Hægt er að nálgast úttektina í heild undir „Útgefið efni“ á vef PFS

ALÞJÓNUSTA Í FJARSKIPTUM – EKKI ÁN TAKMARKANA

Alþjónusta í fjarskiptum eru afmarkaðir þættir fjarskiptaþjónustu sem skulu standa öllum landsmönnum til boða á viðráðanlegu verði óháð búsetu þeirra. Meðal þeirra þjónustubátta sem falla undir alþjónustu er tenging allra lögheimila landsins við hið almenna grunnnet fjarskipta. Í dag er það Mila ehf. sem ber þá alþjónustukvöð að útvega slíka tengingu.

Ýmis mál koma upp þar sem reynir á lög og reglur um alþjónustu. Eitt slíkt mál kom upp á síðasta ári þegar erindi barst PFS frá ábúanda í Strandasýslu á Vestfjörðum þar sem óskað var eftir svörum við því hvenær von væri

á síma- og háhraðatengingu líkt og allir landsmenn ættu rétt á. Samkvæmt ábúandanum var um algjört sambandsleysi að ræða á bænum og tiltók hann að þar sem ekki virtist mögulegt að veita fastanetstengingu og þar með talsímaþjónustu, eins og lög gerðu ráð fyrir, þá myndi hann sætta sig við aðra kosti s.s. með GSM-sambandi (3G/4G). Slík lausn væri enda langtum ódýrari leið til þess að uppfylla ákvæði fjarskiptalaga um alþjónustu en með því að leggja streng í jörðu.

Eftir að farið hafði verið yfir málið birti PFS afstöðu sína til erindis ábúandans með ákvörðun sinni nr. 5/2016. Í henni kemur fram að í ákvæðum fjarskiptalaga felist vissulega sú skylda að tryggja lögheimilum tengingu við grunnnetið, en að réttur til alþjónustu sé á hinn bóginn ekki án takmarkana. Þannig er kostnaður við að veita alþjónustu bundinn tilteknum hámarkskostnaði, 650.000 kr. sem er almennt viðmið um hámarkskostnað tengingar sem alþjónustuveitanda er gert að bera. Kostnaður við að leggja heimtaug að umræddum bæ væri hins vegar langt umfram þá upphæð, eða um 40 milljónir kr. Það var mat PFS að sá kostnaður væri langt umfram fyrrgreinda hámarksbyrði alþjónustuveitanda samkvæmt gildandi alþjónustukvöð. Umfram kostnaðarbyrði í þessu tilviki myndi þannig falla á viðkomandi notanda. Það var því niðurstaða PFS að alþjónustuveitandanum, Milu ehf., væri í þessu tilfelli ekki skylt að verða við beiðni um aðgang að almenna fjarskiptanetinu um nettengipunkt og bera kostnað við þá framkvæmd umfram hina fyrrgreindu hámarksbyrði. Hvað varðaði kröfu ábúandans um að notast væri við aðrar tæknilausnir en fastanetstengingu, s.s. með GSM-sambandi gat PFS fallist á að það gæti verið talsvert ódýrari lausn en lagning heimtaugar að bænum, enda þyrfti mun minni jarðvegsframkvæmd til uppsetningar á farsímasendi en lagningu heimtaugar á u.þ.b. 40 km langri lagnaleið. Hins vegar gæti stofnunin ekki horft til slíkra tæknilausna í núverandi lagaumhverfi sem gildir um alþjónustu. Eins og lögum er nú háttað telst þráðlaus fjarskiptaþjónusta, svo sem farsímaþjónusta eða háhraðanettenging ekki til alþjónustu í skilningi fjarskiptalaga samkvæmt 19. gr. laganna. Því væri ekki hægt að leggja á kvöð um að veita farnetsþjónustu í stað heimtaugartengingu við fastanetið. Þess skal getið að í tillögum að nýju fjarskiptaregluverki Evrópusambandsins, sem íslensk löggjöf byggir á, er gert ráð fyrir því að hægt verði að veita alþjónustu með þráðlausri tækni, auk þess sem aðildarríkjum EES-svæðisins verður veitt svigrúm til að skilgreina þörf um lágmarksgagnaflutningshraða til að notendum standi til boða nothæf Internetþjónusta, eins og það er orðað. PFS telur þó ekki nauðsynlegt að bíða eftir lögfestingu þessa regluverks innan Evrópusambandsins til að hrinda í framkvæmd breytingum í þessa veru hér á landi.

FJARSKIPTATÆKNI OG ÚTBREIÐSLA

FJARSKIPTATÍÐNIR - TAKMÖRKUÐ AUÐLIND

Tíðnisviðið er í eðli sínu takmörkuð auðlind. Þetta á við hvort sem rætt er um FM-tíðnisvið fyrir hljóðvarp, eða þær tíðnir sem notaðar eru fyrir önnur þráðlaus fjarskipti af ýmsu tagi.

Á tíðniráðstefnum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) er formlega skilgreint og ákveðið hvaða tíðnisvið eru til ráðstöfunar fyrir hina ýmsu þjónustu á heimsvísu. Þarna er um að ræða mismunandi tegundir fjarskipta eins og hljóðvarp, sjónvarp, farnet (2G, 3G, 4G o.s.frv.), gervihnattafjarskipti, fjarskipti amatöra o.s.frv. Í Evrópu hefur samvinna á þessu sviði farið ört vaxandi á síðustu árum og hefur Ísland tekið virkan þátt í henni.

Innan þessa ramma hafa ríki síðan nokkurt svigrúm til að skipuleggja ljósvakann á sínu svæði.

Vegna þess hve takmarkað tíðnisviðið er skiptir öllu máli að skipulagning og ráðstöfun þessarar auðlindar sé gerð á sem hagkvæmastan hátt og hefur Póst- og fjarskiptastofnun það hlutverk að sjá til þess að svo sé hér á landi.

Mikil uppbygging hefur haldið áfram í þráðlausum fjarskiptum, sérstaklega uppbygging fjórðu kynslóðar neta (4G) en þó er enn mikil uppbygging á þriðju kynslóðar

netinu (3G) enda sú tækni sem þar er notuð enn í þróun eins og reyndar á einnig við um 4G tæknina. 3G fjarskiptanetinu nálgast nú óðum útbreiðslu á við 2G og 4G eltir þessa þróun þó enn sé nokkuð í land þar. Þessi uppbygging er nauðsynleg, enda gríðarlegur vöxtur í gagnaflutningi á farnetunum. Gagnamagn hefur tífaldast á síðustu fimm árum og lítur út fyrir að vöxturinn geti hæglega haldið áfram að tvöfaldast á milli ára. Hinn mikli vöxtur í fjölda ferðamanna gerir það að verkum að nauðsynlegt er að gagnasamband sé á sem flestum þeim stöðum sem ferðamenn heimsækja.

Tengd tæki og Internet hlutanna (e. IoT) hefur fengið talsverða umræðu á árinu og á eftir að verða enn meiri á komandi árum, Ísland er þó enn á byrjunarreit hvað þetta varðar. Þó er undirbúningur hafinn að innleiðingu slíkrar þjónustu hér á landi, nægir þar að nefna verkefnið Snjallborgin Reykjavík. Einnig má nefna að á árinu voru settar nýjar reglur um númer fyrir tengd tæki, en um það er fjallað sérstaklega í kaflanum hér á undan. Lykilatriði í þessu sambandi, sem einnig snertir mjög umræðu um nethlutleysi (e. Network Neutrality), er gæði fjarskiptatenginga. Gagnasambönd gera aðrar kröfur varðandi gæði tenginga heldur en hin hefðbundna talþjónusta gerir. Þar skipta miklu máli þættir eins og t.d. gagnahraði (upphaf og niðurhal), tengihraði, afkastageta neta og útbreiðsla. Þessi umræða er ekki langt komin hér á landi en á eftir að verða umfangsmeiri á næstu misserum.

TÍÐNISTEFNA OG TÍÐNIÚTHLUTANIR PFS FYRIR ÁRIN 2015 – 2018

Hin mikla uppbygging farneta með 3G og 4G tækni og áframhaldandi aukning gagnaflutnings í farnetum kallar á framboð á meira tíðnisviði fyrir þessa þjónustu, enda nægilegt tíðnisvið undirstaða þess að hægt verði að anna þessum mikla gagnaflutningi. Undirbúningur fyrir uppboð á miklu magni af tíðnisviði hefur staðið yfir og er langt kominn. Skilmálar fyrir uppboðið hafa farið í opinbert samráð og umsögnum verið skilað inn til PFS. Óvissa um tíðniheimild 365 miðla á 800 MHz tíðnisviðinu hefur hins vegar tafið sjálfa framkvæmd uppboðsins.

Tíðnisvið	Úthlutunarár	Upphaf gildistíma tíðniheimildar
700 MHz	2017	2017
900 MHz	2016	2017
2,1 GHz	2017	2017
2,6 GHz	2017	2017

PFS ákvað eftir samráð við hagsmunaaðila að endurúthluta tíðnisviði á 900 MHz tíðnisviðinu til Símans og Vodafone. Tíðniheimildir félaganna, hvor um sig fyrir 2x5 MHz sem voru með gildistíma til 13. febrúar 2017, hafa því verið endurnýjaðar.

Telur stofnunin eðlilegt að endurnýjunin fylgi gildistíma annarra tíðniheimilda á 900 MHz tíðnisviðinu og gildir endurnýjunin því til 13. febrúar 2022.

Ákveðið var jafnframt að allt 900 MHz tíðnisviðið skyldi verða tæknilega hlutlaust frá og með 14. febrúar 2017. Þar með eru öll tíðnisvið sem úthlutað hefur verið fyrir farsíma/farnet tæknilega óháð en það þýðir að þau má nota fyrir þá tækni sem fyrir hendi er fyrir þessa þjónustu sem í dag er 2G, 3G og/eða 4G. Þannig hafa fjarskipta-félögin meira svigrúm til að ákveða tæknina sem notuð er eftir því sem notkunin breytist.

PFS hafnaði á árinu beiðni Fjarskipta hf. (Vodafone) um að endurnýja tíðniheimild félagsins á 2600 MHz tíðnisviðinu fyrir MMDS sjónvarpsútsendingar (Digital Ísland) til loka árs 2018. Hins vegar samþykkir PFS framlagða áætlun Vodafone um að færa viðskiptavini sjónvarpsþjónustunnar yfir í stafræna sjónvarpsþjónustu á UHF tíðnisviðinu, þó með þeirri breytingu að yfirfærslunni skuli vera lokið og útsendingum hætt á 2600 MHz tíðnisviðinu eigi síðar en 30. júní 2017.

Niðurstaða PFS byggir m.a. á því að mikil og hröð þróun hefur orðið á íslenskum fjarskiptamarkaði á undanförunum árum. Munar þar mestu um gífurlegan vöxt í háhraðafar- netsþjónustu með tilkomu fjórðu kynslóðar farnetsþjón- ustu. 2600 MHz tíðnisviðið er meðal þess tíðnisviðs sem PFS hyggst úthluta fyrir farnetsþjónustu á árinu 2017.

TAKMARKAÐ FRAMBOÐ Á FM- TÍÐNUM FYRIR HLJÓÐVARP Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Vegna langdrægni FM-útsendinga, takmarkaðs fjölda ákjósanlegra sendastaða á höfuðborgarsvæðinu og truflunarhættu vegna nálægðar senda hvern við annan, er takmarkað framboð af FM-tíðnum sem standa til boða á höfuðborgarsvæðinu.

FM-tíðnisvið er frá 87,5 til 108,0 MHz. Við úthlutun á FM-rás/tíðni er að lágmarki haft 400 – 500 kHz bil á milli rása á sama svæði, t.d. 103,5 og 103,9 MHz. Þetta er gert til að tryggja að truflanir séu sem minnstar. Nauðsynlegt er að fyrir hendi séu lausar FM-tíðnir fyrir skammtímahljóðvarp, s.s. hljóðvarp sem tengist tilteknum viðburðum á borð við skólahljóðvarp. Jafnframt þarf að horfa til framtíðar og þess að FM-tíðnir verði tiltækar til að tryggja svigrúm fyrir innkomu nýrra aðila á markaðinn og til framþróunar og nýsköpunar í hljóðvarpsþjónustu. Á árinu 2017 hefur verið skilgreint sérstakt verkefni innan stofnunarinnar þar sem gerð verður greining og úttekt á stöðu hljóðvarpsútsend- inga á höfuðborgarsvæðinu.

Með tilliti til þessa og vegna fjölgunar hljóðvarpsstöðva á höfuðborgarsvæðinu hefur framkvæmd tíðniúthlutana hjá PFS verið með þeim hætti um árabíl að eingöngu er úthlutað einni tíðni fyrir hverja dagskrá á sama svæði, og samkvæmt upplýsingum sem PFS hefur aflað sér er það almennt þannig erlendis. Á þetta reyndi á árinu þar sem PFS komst að þeirri niðurstöðu að hafna umsókn Út- varps Sögu um að fá aukatiðni fyrir dagskrá félagsins með ákvörðun sinni nr. 15/2016. Hins vegar stóð félaginu til boða að skipta um tíðni og nota stærri sendi á betri stað til að fá stærra þjónustusvæði, ef slíkt væri talið henta betur. Sjá nánar um þetta mál í reifun ákvörðunarinnar á bls. 29.

ÍSLAND LJÓSTENGT – HRÖÐ ÚTBREIÐSLA NÆSTU KYNSLÓÐAR FASTANETA

Hér á landi eins og annars staðar stendur nú yfir hröð þróun í lagningu næstu kynslóðar fastaneta, þ.e. ljósleiðara og VDSL-tenginga.

Leiðbeiningar og aðstoð vegna ljósleiðaravæðingar í strjálbýli


Árið 2016 var annað árið í átaksverkefni stjórnvalda, Ísland ljóstengt, um að ljósleiðaravæða heimili og vinnustaði í dreifbýli landsins. Fjarskiptasjóður hefur umsjón með verk- efninu og Póst- og fjarskiptastofnun hefur séð um ýmsa þætti sem snúa að aðstoð stjórnvalda við opinbera aðila varðandi undirbúning og framkvæmd ljósleiðaravæðingar á einstökum svæðum. Opinberir aðilar, svo sem sveitar- félög, sem hafa áform um ljósleiðaravæðingu á sínu svæði geta nálgast upplýsingar og leiðbeiningar á vef stofnunar- innar og síðan verkefnið hófst hefur byggst upp talsverð reynsla hjá fjarskiptasjóði og PFS um hvernig haga skuli málsmeðferð, skráningu upplýsinga og úrvinnslu þeirra við ákvarðanatöku sjóðsins um styrkveitingu.

Eitt af því sem er mikilvægt að gæta að við þessa fram- kvæmd er að notast við staðlað sniðmát við val á þeim stöðum sem ætlunin er að tengja og öðlast þannig heild- stætt og samræmt skráhald um þessa innviðauppbýgg- ingu. Í þessum tilgangi útbjó PFS leiðbeiningar um gerð staðarlista og staðlað sniðmát fyrir þessar upplýsingar. Leiðbeiningunum er ætlað að auðvelda val þeirra staða, þ.e. heimila, fyrirtækja og annarra staða sem ákveðið er að tengja innan hvers sveitarfélags. Um leið þarf að taka ákvarðanir um alla aðra tengistaði sem eðlilegt þykir að gera ráð fyrir í slíku verkefni, þó svo að sveitarfélagið veiti ekki endilega fjárstuðning til þeirra. Þetta getur t.d. átt við um sumarhúsabyggðir og tengingu farnetssenda við ljós- leiðara.

Í leiðbeiningunum eru einnig skýringar á hugtökum sem reynir á við ákvarðanatöku við gerð staðarlista og ábendingar um framkvæmdaleg atriði sem eðlilegt er að fylgja að áliti PFS.

Í þéttbýli og dreifbýli um allt land er unnið að því að efla aðgengi að háhraðatengingum þótt það sé komið mislangt á veg, eins og sést á myndinni hér fyrir neðan.

Aðgengi að næstu kynslóðar netum (e. Next Generation Access (NGA))



Sveitarfélög sem fengu styrk til að byggja upp ljósleiðaranet fyrir árið 2016	Tengingar komnar í gagnid á árinu
Borgarbyggð	X (Bæjarsveit)
Húnaþing vestra	x
Súðavíkurhreppur	
Eyja- og Miklaholtshreppur	x
Sveitarfélagið Skagafjörður	
Blönduósbaer	x
Húnavatnshreppur	x
Norðurþing	
Fljótsdalshérað	
Svalbarðshreppur	
Þingeyjarsveit	x
Rangárþing eystra	
Rangárþing ytra	
Kjósarhreppur	

Í kjölfar átaksverkefnis stjórnvalda, Ísland ljóstengt, sem ætlað er að styðja við útbreiðslu ljósleiðaratenginga í sveitum landsins, hefur orðið þó nokkur uppbygging ljósleiðarakerfa í dreifðari byggðum landsins. Eins hefur mikil aukning orðið á ljósleiðaratengingum á höfuðborgarsvæðinu. Á næstu árum þegar fer að hilla undir lok á átaksverkefni stjórnvalda um ljósleiðarvæðingu í strjálbýli þarf að huga að stöðu smærri þéttbýliskjarna á landsbyggðinni sem í dag hafa aðgang að xDSL-þjónustu. Meta verður hvort þörf sé á uppfærslu á innviðum á þessum stöðum og að hvaða marki slík uppbygging fari fram á markaðsforsendum.

MÆLINGAR Á GÆÐUM FJARSKIPTASAMBANDS Á VEGUM – GAGNVIRK VEFKORT


Frá hausti 2015 og fram á haust 2016 voru gerðar mælingar á fjarskiptasambandi á helstu vegum í vegakerfi landsins. Verkefnið var unnið að ósk fjarskiptasjóðs og fór þannig fram að starfsmenn PFS óku eftir þeim vegum sem mældir voru með tilheyrandi mælitæki.

Kerfi	Gott samband	Miðlungs-samband	Slæmt samband
LTE (4G)	6,40%	21,40%	72,20%
UMTS (3G)	46,10%	32,30%	21,60%
GSM	88,10%	10,10%	1,80%

Helstu niðurstöður mælinganna má sjá í töflunni hér til vinstri. GSM-farsímakerfið er enn mikilvægasta fjarskiptakerfið á þjóðvegum landsins. Það dekkar vel um 91% vega, UMTS (3G) nær vel til um 66% en LTE (4G) er tiltölulega nýlegt og hefur því litla útbreiðslu eða eingöngu 8,5%. Um 1,4% vega í þessum mældust með eingöngu *slæmt* GSM-samband.

Í framhaldi af mælingunum voru unnin gagnvirk vefkort innan stofnunarinnar þar sem hægt er að skoða niðurstöður mælinganna fyrir öll fjarskiptakerfin, GSM, 3G og 4G.

Hægt er að þysja mjög nákvæmlega inn á einstaka staði og sjá hvar mælingapunkturinn liggja og hver staðan er.



Gagnvirku vefkortin má nálgast á vef PFS á slóðinni <https://www.pfs.is/fjarskipti/maelingar-a-fjarskiptasambandi-a-vegum/>

ÖRYGGI Í FJARSKIPTUM

ÖRYGGI FJARSKIPTAINNVIÐA

Öryggi fjarSKIPTAINNVIÐA er mikilvægt viðfangsefni í starfsemi PFS. Þrátt fyrir að almennu fjarSKIPTAKERFIN séu ekki skilgreind fyrir öryggisfjarSKIPTI þá hefur þróunin engu að síður orðið þannig að í dag eru þau notuð til útkallsboðana í t.d. heilbrigðiskerfinu, hjá lögreglu og slökkviliði auk boðana í rýmingu við náttúruvá. Samkvæmt reglum PFS um virkni almennra fjarSKIPTAKERFA ber fjarSKIPTAFÉLÖGUNUM skylda til gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öruggan rekstur sinna kerfa. Aukin áhersla hefur undanfarið verið lögð á eftirlitsstarf PFS varðandi öryggi fjarSKIPTAKERFA, sérstaklega í ljósi náttúruvá sem stöðugt ógnar íbúum á Íslandi.

Tæknipróun undanfarinna ára hefur kynnt til sögunnar ný tæki sem tengjast fjarSKIPTAINNVIÐUM landsins til viðbótar við snjallsíma og tölvur. Sú þróun mun halda enn hraðar áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Þarna er um að ræða þróun tengdra tækja, þ.e. tæki sem tala annað hvort beint hvert við annað eða við tölvu. Sem dæmi má nefna vöktunar- og skynjunarbúnað ýmiss konar (veðurmæla, jarðskjálftamæla o.fl.), skynjara fyrir lýsingu, öryggiskerfi, fjarvöktun sjúklinga og margt fleira. Þessi þróun setur enn meiri kröfur á rekstraröryggi fjarSKIPTAINNVIÐA og gæði þjónustunnar, sérstaklega þegar um þjónustu í heilbrigðiskerfinu er að ræða.

Úttekt á farnettendum á Kötlu svæðinu

PFS leggur mikið upp úr öryggi og heildstæði fjarSKIPTANETA. Í því skyni að greina stöðu þessara þátta og að tryggja öryggi fjarSKIPTANETA landsins hóf stofnunin ferli sem miðar að því að hún geti á hverjum tíma haft yfirsýn yfir stöðu öryggis og heildstæðis netanna. PFS hefur því hafið vinnu við að safna upplýsingum um öryggisþætti farnettenda ásamt því að þróa ferli fyrir úttektir á farnettendum.

Markmiðið er tvíþætt. Annars vegar að gera prófun og úttekt á þeim öryggisráðstöfunum sem fyrir hendi eru í dag á einhverju afmörkuðu svæði og hins vegar að kortleggja og samræma skráningu á öryggisráðstöfunum með þeim hætti að upplýsingarnar geti nýst viðeigandi stjórnvöldum, þ.e. PFS og almannavörnum, til að samræma aðgerðir í þeim tilgangi að viðhalda fjarSKIPTUM í tilvikum náttúruhamfara eða annarra atvika sem ógnað geta heildstæði neta.

Í þeirri vinnu sem fyrir hendi er og mun á endanum taka til landsins alls taldi PFS rétt að forgangsraða skjalfestingu og úrvinnslu öryggisráðstafana með þeim hætti að úttektin tæki til landsvæðis sem hugsanlega geti orðið fyrir áhrifum af náttúruhamförum í fyrirsjáanlegri framtíð, þ.e. rýmingarsvæði Kötlu. Ráðgert er að úttektinni á rýmingarsvæði Kötlu ljúki með útgáfu skýrslu á fyrsta ársfjórðungi 2017.

Eftirlit með ljósvakanum – truflanavakt PFS

Póst- og fjarSKIPTASTOFNUN vaktar truflanir í fjarSKIPTAKERFUM hér á landi og grípur til aðgerða þegar þörf er á. Slíkum truflunum hefur fjölgað mjög á undanförunum árum, en þær geta haft alvarlegar afleiðingar.

Fjöldi truflana 2013 – 2016				
Ár	2013	2014	2015	2016
Fjöldi truflana	30	53	82	89

Radiókerfi eru undirstaða samskipta í nútímasamfélagi. Þau eru ekki eingöngu notuð í samskiptum milli manna heldur ekki síður í ýmsum samskiptakerfum sem stjórna búnaði, s.s. við flugumsjón, vöktun, boðun (t.d. í heilbrigðisþjónustu og í náttúruvá) og í framleiðslufyrirtækjum (iðnstýringar sem nota radió). Truflanir í slíku umhverfi geta valdið hættuástandi eða fjártjóni og því er nauðsynlegt að bregðast við þeim í tæka tíð.

Ein þekkt ástæða fjarSKIPTATRUFLANA er notkun tækja sem ekki bera gilda CE-merkingu skv. þeim stöðlum sem gilda á EES-svæðinu. Tæki sem ekki bera slíka merkingu eru ólögleg hér á landi og sumarið 2016 gerði stofnunin úttekt á því hvort fjarSKIPTATÆKI sem í boði voru hjá söluaðilum héraendis uppfylltu kvaðir CE-merkingar. Niðurstaða úttektarinnar var að flest fjarSKIPTATÆKI sem skoðuð voru í verslunum hér á landi báru gilda CE-merkingu. Þetta renndi stöðum undir þann grun að ein ástæða hinnar miklu fjölgunar truflana væri einmitt innflutningur almennings á tækjum gegnum netið, en mörg þeirra koma frá svæðum utan EES-svæðisins og passa ekki inn í það tíðniskipulag sem notað er héraendis. Tækin sem um ræðir geta verið t.d. DECT-símar frá Bandaríkjunum, farsímaendurvarpar og annar notendabúnaður sem ekki er viðurkenndur fyrir notkun í Evrópu. Töllayfirvöld stöðva fjölda slíkra sendinga til landsins á hverju ári og t.d. hefur fallið dómur í máli af þessu tagi þar sem einstaklingur var dæmdur til sektargreiðslu. Ólögleg fjarSKIPTATÆKI eru þó ekki eina ástæða truflana. Nokkrar aðrar orsakir geta verið fyrir þeim eins og sést í listanum hér fyrir neðan.

Orsakir truflana í fjarSKIPTAKERFUM

- Aukinn innflutningur almennings á tækjum sem keypt eru erlendis frá í gegnum netið (oft tæki sem ekki eru CE-merkt)
- Óæskileg áhrif frá nálægum sendi eða sendum á annan sendi, t.d. blandanir frá 2 sendum á þriðja sendinn, loftnet of nálægt hvoru öðru, yfirfylling á móttöku sendis o.fl.
- Bilun í tækjabúnaði, t.d. bilun í sendi eða í köplum
- Röng eða ólögleg notkun á tíðnum, t.d. þegar ekki er til staðar þekking á tíðnibandinu, sendar rangt stilltir, o.fl.

- Aukið álag á tíðnisviðum sem eru í notkun, t.d. á háhraðatíðnisviðum (4G/LTE). Þetta kemur til af mikilli fjölgun tækja sem eru í notkun á hverjum tíma og um leið gríðarlegri aukningu á gagnamagni sem fer um sviðin

Fjölgun truflana hefur verið það mikil á undanförunum árum að þrátt fyrir að mannafla og tækjabúnaður í trufl-anavakt PFS hafi verið aukinn umtalsvert getur stofnunin ekki sinnt viðbrögðum við radiótruflunum að fullu og neyðist til að forgangsraða tilkynningum vegna truflana með tilliti til mikilvægis þeirra kerfa sem fyrir truflun verða. Öryggiskerfi, s.s. vegna flugs, eru t.d. alltaf í for-gangi.


Þessi skortur á mannafla og tækjum gerir stofnuninni erfitt fyrir að sinna truflunum utan höfuðborgarsvæðisins og umfangsmiklum truflunum sem hafa áhrif á marga er frekar sinnt en þar sem færri notendur verða fyrir áhrifum. T.d. getur truflun úti á landi þurft að biða í talsverðan tíma ef hún telst ekki í forgangsflokki, þar sem starfsmenn komast ekki til að sinna henni vegna anna. Nokkur verkefni af þessu tagi voru í bið um nýliðin áramót, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Á skífuritinu hér efst á blaðsíðunni sést hvernig fjarskipta-truflanir á árinu 2016 skiptust eftir því hvar þær komu fram. Eins og sjá má voru þær langflestar í farsímanetum, eða 69%.

Norrænt samstarf

PFS tekur þátt í samstarfi norræna fjarskiptaefirlitsaðila en það samstarf miðar einkum að raunlægu öryggi fjarskiptainnviða og heildstæði fjarskiptaneta. Í byrjun ársins gaf PFS út, ásamt þessum samstarfsaðilum, leiðbeinandi reglur, eða tilmæli, til að efla upplýsingaöryggi í fjarskiptanetum. Tilmælin varða merkjakerfi nr. 7 (Signalling System No. 7 eða SS7) sem fjarskiptafyrirtækin nota sín á milli til að setja upp og stýra uppsetningu símtala og gagnastreymi notenda. Við sérstakar kringumstæður og með sérstakri tækni er hægt að misnota kerfið til að fylgjast með ferðum fólks um fjarskiptanet og jafnvel hlera samskipti. Í hinum nýju leiðbeiningum sem unnar voru í samráði við markaðs-aðila, er farið yfir hvernig fjarskiptafyrirtæki geta unnið gegn þessum veikleikum í netum sínum.

Sérfræðingar Póst- og fjarskiptastofnunar telja samstarfið mjög af hinu góða og til þess fallið að styðja og styrkja varnir gegn ýmsum ógnum í fjarskiptanetum, þar sem reynsla og þekking frá mismunandi löndum er lögð saman til að efla öryggi.



Truflanir í fjarskiptakerfum á árinu 2016

Netöryggisveitin CERT-ÍS

Netöryggisveitin CERT-ÍS starfar innan Póst- og fjarskiptastofnunar skv. fjarskiptalögum og reglugerð nr. 475 frá árinu 2013. Starfssvið sveitarinnar nær til fjarskipta-fyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet og/eða veita aðgang að Internetinu og Internetþjónustu, en ekki til almennra notenda. Hlutverk sveitarinnar er að fyrirbyggja og draga úr hættu á netárásum og öðrum öryggisatvikum í netumdæmi hennar og sporna við og lágmarka tjón af þeim sökum á ómissandi upplýsingainnviði samfélagsins. Sveitin heldur úti vefsíðunni www.cert.is.

Í nóvember stóð CERT-ÍS fyrir netöryggisæfingu með þeim innlendu aðilum sem falla undir þjónustuhóp sveitarinnar. Markmið æfingarinnar var að efla samhæfingu og samvinnu milli aðila, þróa upplýsingaskipti og tilkynningar og slípa til tengiliðalista, verkferla og viðbragðsáætlanir.

CERT-ÍS er þátttakandi og tengiliður íslenskra stjórnvalda í innlendu og alþjóðlegu samstarfi um viðbrögð og varnir á sviði netöryggismála og er tengiliður Íslands meðal sambærilegra netöryggisveita (e. CERT National Point of Contact). Sveitin er aðili að norrænum samstarfshópi CERT-sveita, svokölluðum NCC-hópi og starfsmenn hennar sækja reglulega fundi og námskeið á Norðurlöndum og víðar.

PFS hefur á árinu unnið ásamt innanríkisráðuneytinu að mótun heildarstefnu fyrir netöryggisveitir á Íslandi. Markmið þeirrar vinnu er að efla net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða samfélagsins.

PÓSTMÁL

GJALDSKRÁ INNAN EINKARÉTTAR


Eins og kunnugt er fer Íslandspóstur (ÍSP) með einkarétt ríkisins af dreifingu póstsendinga undir 50 gr. Hlutverk PFS þegar kemur að gjaldskrá félagsins innan einkaréttar er að staðfesta að gjaldskráin byggi á raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Hliðstæð þróun hélt áfram og verið hefur á undanförunum árum varðandi hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar. Á árinu 2016 heimilaði PFS gjaldskrárhækkanir annars vegar 10% í byrjun árs¹ og hins vegar um mitt ár um 3%.² Um 2/3 þessara hækkana eru tilkomnar vegna fækkunar bréfasendinga. Af þeim sökum er ekki hægt að tengja gjaldskrárhækkanir ÍSP innan einkaréttar við almenna verðlagsþróun. Þess má einnig geta að um þriðjungur hækkana kemur til vegna aukins launakostnaðar í kjölfar nýrra kjarasamninga, en laun og launatengdur kostnaður er um 70% af rekstrarkostnaði ÍSP innan einkaréttar.

Stofnunin hefur hins vegar áhyggjur af því að þessar verðhækkanir ÍSP kunni að rýra stöðu bréfaþósts sem vöru


á markaði og sem samskiptaleiðar manna á milli. Því hefur stofnunin jafnframt á undanförunum árum tekið ýmsar ákvarðanir sem heimila ÍSP að einfalda dreifikerfið og ná þannig fram hagræðingu þegar til lengri tíma er litið. Nú síðast var tekin ákvörðun um að heimila fækkun dreifingardaga í dýrasta hluta dreifikerfisins, þar sem meðal-kostnaður er margfaldur á við annars staðar.

Á sama hátt er eðlilegt að spurt sé af hagsmunaaðilum hvort um eðlilegar hækkanir geti verið að ræða og vísa menn þá oft til þess að aðrar vörur fyrirtækisins hafi ekki hækkað eins mikið og gjaldskrá félagsins innan einkaréttar. Vegna þessara athugasemda er rétt að benda á að stofnunin hefur enga beina aðkomu að öðrum gjaldskrám ÍSP. Engu að síður hefur á undanförunum árum verið unnið mikið verk af hálfu PFS í tengslum við skoðun á bókhaldslegri aðgreiningu ÍSP, en bókhaldsleg aðgreining félagsins er lyklatríði þegar kemur að því að taka afstöðu til einstakra beiðna þess um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar, sem og að kanna undirliggjandi kostnað einstakra vara sem ÍSP býður.



Þróun á gjaldskrá Íslandspósts innan einkaréttar 2004 – 2016

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun



Þróun á bréfafjölda innan einkaréttar 2006 – 2017

Heimild: Íslandspóstur

1. Sjá ákvörðun PFS nr. 35/2015.
2. Sjá ákvörðun PFS nr. 6/2016.

BREYTINGAR Í DREIFINGU

Fækkun dreifingardaga í dreifbýli

Undir lok ársins 2015 samþykkti PFS erindi ÍSP um fækkun dreifingardaga í dreifbýli. ÍSP innleiddi breytingarnar þann 1. apríl 2016. Í ákvörðun stofnunarinnar var m.a. kveðið á um að fyrirtækið myndi taka saman endanlegan kostnað sem sparast við breytingarnar og gera PFS grein fyrir honum þegar breytingarnar hafa tekið endanlega gildi og reynsla er komin á þær. Í sömu skýrslu skyldi einnig taka saman helstu vandamál sem upp hafa komið við breytingarnar ef einhver eru, s.s. kvartanir frá sendendum póstsendinga og móttakendum og hvernig fyrirtækið hefur brugðist við þeim.

ÍSP skilaði inn umræddri skýrslu í byrjun ársins 2017. Í skýrslunni kom m.a. fram að beinn sparnaður vegna breytinganna hafi numið um 170 millj. kr. á árinu 2016, auk þess hafði náðst ýmis hagræðing t.d. hafi svigrúm til flokkunar aukist. Sparnaðaráhrifin eru því áætluð nálægt 200 millj. kr. árlega. Þessar tölur eru í samræmi við það sem lagt var upp með.

Í skýrslu ÍSP er komið inn á fjölgun skráðra sendinga og áhrif þess á dreifingu í dreifbýli, áhrif breytinganna á starfsmannahald félagsins, þeir þættir sem kvartað hafi verið yfir í kjölfar breytinganna og hvernig félagið hafi staðið að kynningu á hinni breyttu þjónustu.

PFS bærust þrjár kvartanir þar sem kvartað var yfir breytingum á fjölda dreifingardaga í dreifbýli. Jafnframt bærust stofnuninni nokkur símtöl þar sem íbúar kvörtuðu yfir þessum breytingum. Engar kvartanir hafa hins vegar borist frá stórum hagsmunaaðilum, sem t.d. senda póst í miklu magni eins og t.d. bönkum eða öðrum sendendum magnpósts.

Ekki er ástæða til að draga í efa að þeir sem kvartað hafa yfir þjónustunni, til ÍSP og/eða PFS hafi orðið fyrir óþægindum vegna breytinganna. Af fjölda þeirra kvartana sem hafa borist verður hins vegar ekki dregin önnur ályktun en að breytingarnar hafi ekki valdið almennum óþægindum fyrir notendur pósthjónustu og skiptir þá einu hvort um sendendur eða móttakendur er að ræða. En breytingarnar höfðu áhrif á um 7000 heimili í landinu.

Afgreiðslustaðir

Litlar breytingar urðu á afgreiðsluneti ÍSP á árinu, en aðgangur að afgreiðslustað fellur undir hugtakið alþjónusta í pósthjónustu. Póstafgreiðsla ÍSP í Vogum var þó lokað og í stað þess er íbúum þar þjónað með pósthjónustu.

Fjöldi hefðbundinna afgreiðslustaða á landinu öllu er þá komin niður í 61. Þar sem ekki er rekinn afgreiðslustaður er þjónusta mætt af hálfu ÍSP með hefðbundinni landpóstþjónustu eða með rekstri pósthjónustu sem hægt er að nálgast á nokkrum minni þéttbýlisstöðum.

Bréfastassar

Sú breyting varð, frá og með 1. janúar 2016, að viðtakendur póstsendinga í dreifbýli þar sem bréfastassar eru staðsettir við heimreiðar skulu bera kostnað af kaupum, uppsetningu og viðhaldi þeirra.

ÍSP hefur hingað til borið þennan kostnað, án þess að fyrirtækinu bæri skylda til samkvæmt lögum um pósthjónustu eða öðrum reglum sem leiddar verða af þeim. Með breytingunum er því hins vegar slegið föstu að viðtakendur póstsendinga í dreifbýli beri sjálfir ábyrgð á því að setja upp bréfastassa. Í ljósi þess að ÍSP hafði sett upp þessa bréfastassa um langa hríð þótti eðlilegt að leggja skylduna með skýrum hætti á viðtakendur í dreifbýli, en í þéttbýli hefur þessi kostnaður ávallt verið borinn af viðtakendum póstsendinga.

Þess má geta að áður en ábyrgðin var flutt með skýrum hætti yfir á viðtakendur póstsendinga endurnýjaði ÍSP mikið af þeim bréfastassum sem fyrirtækið hefur sett upp. Um átaksverkefni var að ræða sem staðið hefur yfir undanfarnin ár. Þessir hlutir ættu því að vera í þokkalegu lagi alls staðar á landinu.

KOSTNAÐUR ÍSLANDSPÓSTS VEGNA ALÞJÓNUSTU OG EFTIRLIT PFS

Bókhaldslegur aðskilnaður milli alþjónustu og samkeppnisrekstrar

Á undanförunum árum hefur staðið yfir viðamikil úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði ÍSP og var markmiðið að ná utan um kostnað fyrirtækisins af þeirri kvöð sem hvílir á fyrirtækinu vegna alþjónustu, svokölluð alþjónustubyrði. Þar sem nokkur endapunktur náðist í þeirri vinnu á árinu telur PFS rétt að rekja í stuttu máli helstu áfanga í þessari vinnu. Fyrsti áfangi var tekinn með ákvörðun PFS nr. 18/2013, úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi ÍSP, þar kom m.a. fram að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður ÍSP byggði í meginatriðum á viðurkenndri aðferðarfræði í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 19/2002 og reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri pósthjónustu. Í ákvörðuninni var tilteknum fyrirmælum beint til ÍSP um tilteknar úrbætur sem gengið hafa eftir.

Í kjölfarið ákvað ÍSP að smíða nýtt LRAIC-kostnaðarlíkan, m.a. til að innleiða þau fyrirmæli sem fram komu í ákvörðun PFS.

Með yfirlýsingu, dags. 4. mars 2016, upplýsti stofnunin að hið nýja LRAIC-líkan ÍSP hafi verið til skoðunar og að nokkur ágreiningur hafi verið uppi á milli hennar og ÍSP um einstakar forsendur og aðferðafræði við skiptingu kostnaðar fyrirtækisins. Þessi ágreiningur hafi hins vegar verið leiddur til lykta vegna árána 2013 og 2014. Í samræmi við það var það niðurstaða stofnunarinnar eftir skoðun gagnanna að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður ÍSP sé í samræmi við viðurkennda aðferðafræði og 18. gr. laga um pósthjónustu og reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekkanda.

Með yfirlýsingu, dags. 8. desember 2016, var síðan staðfest að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður fyrir árið 2015 væri í samræmi við viðurkennda aðferðafræði og ákvæði laga um pósthjónustu og fyrrnefnda reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekkanda.

Kostnaður vegna alþjónustu

Helsta ágreiningsatriðið milli PFS og ÍSP varðandi hið nýja LRAIC-kostnaðarlíkan sneri að mati á alþjónustubyrði félagsins. Með ákvörðun sinni nr. 17/2015, hafnaði PFS forsendum ÍSP fyrir alþjónustukostnaði félagsins sem hélt því fram að þessi kostnaður væri 1.191 millj. kr. vegna ársins 2013, sem tilheyra ætti kostnaðargrunni einkaréttar. Var það langt umfram það sem stofnunin hafði miðað við eins og fram kom í ákvörðun PFS nr. 17/2015. ÍSP kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Með úrskurði nefndarinnar nr. 7/2015, dags. 19. október 2016, staðfesti nefndin niðurstöðu og forsendur ákvörðunar PFS.

Ekki liggur fyrir hvort ÍSP hyggst bera niðurstöðu úrskurðarnefndar undir dómstóla og með því freista þess að fá honum hnekk. Á meðan svo er sér PFS ekki ástæðu til að skoða alþjónustukostnað félagsins nánar í tengslum við gjaldskrá félagsins innan einkaréttar, nema að ÍSP skili inn nýjum útreikningum sem tækju þá mið af þeim forsendum sem PFS lagði upp með í ákvörðun sinni nr. 17/2015 og úrskurðarnefnd staðfesti á árinu.

NEYTENDAMÁL

Eitt helsta hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að gæta hagsmuna neytenda á fjarskipta- og póstmörkuðum og stuðla að vernd þeirra í viðskiptum þeirra við fjarskiptafyrirtæki og póstrekendur. Neytendur standa frammi fyrir margvíslegum og flóknum valkostum, ekki síst á fjarskiptamarkaði, bæði hvað varðar val og fyrirkomulag á tækjum og tengingum og ekki síður val á þjónustuaðilum. Stofnunin birtir upplýsingar fyrir neytendur, kemur að ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs og vinnur að því að tryggja viðhald og öryggi í almennum fjarskiptanetum.

Helsta verkfæri stofnunarinnar til upplýsingagjafar er vefur hennar, www.pfs.is þar sem sérstakt vefsvæði er helgað neytendum. Einnig geta neytendur sent stofnuninni erindi og kvartanir ef þeir telja á sér brotið hvað varðar lög og reglur um fjarskipti eða póst. Slíkar kvartanir skipta hundruðum á ári hverju þó aðeins hluti þeirra endi í formlegu kvörtunarferli.

FYLGST MEÐ VERÐLAGI Á FJARSKIPTAMARKAÐI

Fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði er skylt að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun og viðskiptavinum sínum um allar verðbreytingar. Ef um hækkanir er að ræða skal tilkynna þær með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Auk þessa fylgist stofnunin með verðskrá á vefsíðum fyrirtækjanna. Um nokkurra ára skeið hélt PFS úti vefnum Reiknivél.is, reiknivél um fjarskiptakostnað fyrir neytendur. Sá vefur hefur nú verið lagður niður enda hafa orðið miklar breytingar á samsetningu verðs og þjónustuleiða hjá fjarskiptafyrirtækjunum og nýir þjónustuþættir hafa komið til sögunnar.

Í stað reiknivélarinnar verður opnaður vefhluti á vef PFS þar sem hægt verður að nálgast töflur með verðsamanburði milli allra fyrirtækja á markaði fyrir allt að þrjú ódýrustu þjónustuleiðirnar af hverri þjónustutegund. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á vef PFS fyrir mitt ár 2017.

MIKIL BREYTING Á VERÐLAGNINGU Í REIKI INNAN EES-SVÆÐISINS

Frá og með 1. ágúst 2016 hættu fjarskiptafyrirtæki að vera með sérstaka verðskrá fyrir notkun farsíma og annarra fartækja í reiki innan EES-svæðisins. Í staðinn eru verð fyrir þessa þjónustu samkvæmt innanlandsverðskrá þeirrar áskriftar sem hver viðskiptavinur hefur hjá viðkomandi farsímafyrirtæki að viðbættu sérstöku álagi sem er mis-

munandi fyrir hverja tegund notkunar. Varðandi t.d. símtöl þýðir þetta að notandi sem staddur er t.d. í Þýskalandi og hringir í annan farsíma í Þýskalandi, eða öðru landi innan EES-svæðisins, mun borga samkvæmt innanlandsverðskrá fjarskiptafyrirtækis síns á Íslandi, en við það bætast 5 evrusent, eða 8,71 kr. álag skv. gengi sem fest var varðandi reikinotkun til 1. júlí 2017. Ekki skiptir máli hvort hringt er í íslenskan síma eða síma sem er skráður í öðru EES-ríki.

Notkun	Evrur	Krónur
Að hringja	0,05	8,71
Að svara	0,0114	1,98
Sent SMS	0,02	3,48
Taka á móti SMS	Fritt	Fritt
Gagnanotkun, hvert MB	0,05	8,71

Hér var um umtalsverðar breytingar að ræða þar sem fallið var frá þeim hámarksverðum fyrir reiki sem gilt hafa á undanförunum árum, en í staðinn miðað við verðskrá hvers farsímafyrirtækis innanlands og sett fast álag þar ofan á fyrir hverja tegund notkunar. Álagið er lágt og því í flestum tilfellum ódýrara en áður að nota símann eða önnur fartæki innan EES-svæðisins.

Eins og verið hefur var verð fyrir íslenska reikinotendur fest í krónum fyrir árið. Miðað er við meðalgengi mánuðina á undan gildistöku breytingar og gengið sem gildir 1. ágúst 2016 til 1. júlí 2017 er 140,56 kr/€.

Niðurfelling sérstakra reikigjalda um mitt ár 2017

Reikiverð sem byggja á innanlandsverði með álagi eru þó aðeins tímabundið skref í átt til þess að fella reikigjöld alfarið niður innan EES-svæðisins. Gert er ráð fyrir því að álagið falli niður um miðjan júní 2017, ef íslensk stjórnvöld hafa þá innleitt reglugerð ESB þar að lútandi. Eftir að sú breyting tekur gildi munu neytendur borga það sama fyrir símanotkun og gagnamagn á ferðalögum innan EES-svæðisins og þeir greiða heima. Þá munu verða sett ákvæði um sanngjörn hámarksnot á reikiþjónustu miðað við venjuleg ferðalög, svokölluð "fair use" ákvæði. Heimilt verður að leggja álag á notkun sem er umfram það sem telst til sanngjarnrar notkunar.

Áfram eru í gildi reglur um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að senda viðskiptavinum sínum viðvörðun vegna gagnanotkunar í reiki, þ.e. að viðskiptavinir fái viðvörðun þegar kostnaður vegna gagnanotkunar í reiki er kominn í 80% af 50e hámarki. Einnig gildir áfram reglan um að lokað sé fyrir gagnanotkun í reiki við umrætt 50e hámark nema viðskiptavinur óski sérstaklega eftir því að opnað sé fyrir slíkt.

VERKLAGSREGLUR UM SKRÁNINGU OG MIÐLUN UPPLÝSINGA Í SÍMASKRÁM

Í janúar 2016 birti stofnunin nýjar reglur um skráningu og miðlun upplýsinga um áskrifendur sem úthlutað hefur verið númerum í fastlínu- og farsímakerfum. Unnið hafði verið að endurskoðun á verklagsreglunum með hliðsjón af því hvernig slík skráning og miðlun hafði gengið fyrir sig frá því nýtt fyrirkomulag um miðlun símaskrárupplýsinga tók gildi þann 1. júlí 2014.


Við endurskoðunina yfirfor stofnunin öll ákvæði verklagsreglnanna og var hagsmunadilum gefinn kostur á því að koma með athugasemdir og tillögur að breytingum á meðan á henni stóð. Þá var jafnframt kallað eftir frekara samráði við hagsmunaaðila um þær breytingar sem stofnunin hugðist gera á reglunum.

Þar sem stofnunin hafði fengið ábendingar um villur og að brotalamir væru á meðferð símaskrárupplýsinga var rannsóknarfyrirtækið MMR fengið til að gera úttekt á verkferlum fjarskiptafyrirtækjanna varðandi þessar upplýsingar. Var úttektin gerð í júlí og niðurstöður hennar birtar í september. Þar kom fram að ekkert þeirra fjarskiptafyrirtækja sem úttektin beindist að taldist hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru um skráningu og miðlun símaskrárupplýsinga í gagnagrunn Hins íslenska númerafélags sem heldur utan um þessar upplýsingar. Í framhaldinu var lagt fyrir félögin að gera bragarbót á þessum málum og boðaði stofnunin að gerð yrði sams konar úttekt síðar. Áætlað er að hún verði framkvæmd á fyrri hluta ársins 2017 og er vonast til þess að þá hafi endurbættir verkferlar verið innleiddir hjá fjarskiptafélögunum og verulegar úrbætur hafi átt sér stað varðandi meðhöndlun símaskrárupplýsinga.

Bæði verklagsreglurnar og skýrslu um úttektina er hægt að nálgast á lista yfir útgefið efni ársins 2016 á vef stofnunarinnar.

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

ÁRIÐ 2016



Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar er Hrafnkell V. Gíslason

Framkvæmdastjórn er skipuð forstjóra og forstöðumönnum deilda.

Fastir starfsmenn PFS á árinu 2016 voru alls tuttugu og fjórir.

Greiningardeild ber ábyrgð á markaðsgreiningum, álagningu og eftirfylgni fjárhagslegra kvaða fjarskiptafyrirtækja sem útnefnd hafa verið með umtalsverðan markaðsstyrk í framhaldi af því, þ.m.t. kostnaðargreiningum og bókhaldslegum aðskilnaði.

Deildin safnar upplýsingum um verðlagningu og tölfræði og er ábyrg fyrir úrvinnslu og birtingu slíkra upplýsinga. Greiningardeild sinnir einnig ýmsum fjárhagslegum greiningum á póst- og fjarskiptamarkaði. Starfsmenn á árinu 2016 voru Óskar Þórðarson forstöðumaður og sérfræðingarnir Guðmann Bragi Birgisson, Hulda Ástþórsdóttir og Snorri Þór Daðason.

Lögfræðideild ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýsluerinda, lausn deilumála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem ekki eru fjárhagslegar, alþjónustu og neytendamálum. Jafnframt sér deildin um formleg alþjóðleg samskipti. Starfsmenn á árinu 2016 voru Björn Geirsson forstöðumaður sem einnig gegnir hlutverki staðgengils forstjóra þegar við á, lögfræðingarnir Friðrik Pétursson, Guðmunda Á. Geirs-

dóttir, Maríjon Ósk Nóadóttir, Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir og Óskar Hafliði Ragnarsson, sem einnig er hópstjóri faglegs teymis um markaðsgreiningar. Auk þeirra tók Sigurjón Ingvason lögfræðingur og fyrrum forstöðumaður deildarinnar að sér verkefni innan hennar í tímabundinni afleysingu.


Tæknideild sér um skipulag og stjórnun tíðnimála og sinnir eftirliti með notkun ljósvakans. Hún hefur markaðseftirlit með fjarskiptatækjum, sinnir net- og upplýsingaöryggi, sér um söfnun og skráningu upplýsinga um fjarskiptainviði ásamt landupplýsingavinnslu og sér um skoðun radióbúnaðar um borð í skipum. Tæknideild er einnig öðrum deildum til ráðgjafar varðandi tæknileg álitamál sem geta haft áhrif á eftirlitshlutverk stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2016 voru Þorleifur Jónasson forstöðumaður, Bjarni Sigurðsson sérfræðingur á sviði númeramála, tíðnimála og uppbyggingar og mælingar á dekkun fjarskiptaneta, Gunnar Bachmann Hreinsson sérfræðingur um virkni og öryggi fjarskiptaneta, tíðnimál og gæðamælingar, Hörður R. Harðarson sérfræðingur um tíðnimál, Jósef Kristjánsson skipaskoðunarmaður og mælingar á dekkun fjarskiptaneta, Lilja Bjargey Magnúsdóttir sérfræðingur á sviði korta- og landupplýsinga og Óskar Sæmundsson skipaskoðunarmaður og mælingar á dekkun fjarskiptaneta. Starfsmenn netöryggissveitarinnar CERT-ÍS sem heyrir undir tæknideild voru Stefán Snorri Stefánsson, hópstjóri CERT-ÍS og Kristján Valur Jónsson yfirsérfræðingur. Auk þeirra var Helgi Hrafn Ómarsson ráðinn til að sinna tímabundnu verkefni sumarið 2016.

Rekstrardeild sér um rekstrarmál, upplýsingakerfi, mannauðsmál, gæða- og skjalamál og kynningarmál og styður allt innra starf stofnunarinnar. Starfsmenn á árinu 2016 voru Sigríður Björk Gunnarsdóttir forstöðumaður, Anna Margrét Sigurðardóttir kynningarfulltrúi, Ingibjörg Sivertsen bókari og Sigrún Davíðs skjalastjóri. Auk þeirra var Elín Sóley Hrafnkelsdóttir ráðin til sumarafleysinga í afgreiðslu.

Tvö fagteymi voru starfandi innan PFS á árinu; teymi um markaðsgreiningar og netöryggisveitin CERT-ÍS. Á árinu voru gerðar miklar breytingar á högun innri upplýsingakerfa innan PFS og er stofnunin nú í fararbroddi hvað varðar möguleika til að bregðast við örrí tækniþróun. Við breytingarnar var lögð megináhersla á öryggi bæði gagna og búnaðar, en ekki síður hagkvæmni í rekstri og aukna og fjölbreyttari möguleika fyrir samvinnu starfsmanna í einstökum verkefnum.

MÁLSMEDFERÐARTÍMI OG FJÖLDI MÁLA Í MÁLASKRÁ


Á árinu 2016 voru skráð 1.110 mál í málaskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Þetta eru heldur færri mál en undanfarin ár, eins og sést á súluritinu hér fyrir neðan. Mál sem skráð eru í málaskrá eru af mjög margvíslegum toga, allt frá innsendum kvörtunum frá neytendum og kvörtunum vegna truflana, til frumkvæðismála stofnunarinnar sjálfrar, auk mála sem tilheyra reglulegum störfum starfsmanna svo sem markaðs- og kostnaðargreiningar, úthlutanir tíðna, útgáfa leyfisbréfa og skoðanir á fjarskiptabúnaði í skipum svo eitthvað sé nefnt.



Samkvæmt 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun er stofnunni gert að leysa úr kvörtunarmálum eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra mánaða, nema að sérstaklega standi á. Það er mikilvægt á síbreytilegum og kvikum samkeppnismarkaði að leysa hratt og örugglega úr ágreiningsmálum, án þess að slakað sé á kröfum um gæði. Því hefur verið kappkostað að fylgjast vel með málshraða við afgreiðslu mála hjá stofnuninni.

Fyrir nokkrum árum voru innleiddar breytingar í málaskrákerfi stofnunarinnar þannig að það væri með einfaldari hætti hægt að keyra út skýrslur um málshraða við afgreiðslu mála. Unnið var út frá þeirri skilgreiningu að mál sem væru eldri en fjögurra mánaða frá stofnun þeirra í málaskrá skyldu teljast vera gul mál, mál sem væru eldri en átta mánaða yrðu merkt rauð.


Stofnunin hefur haldið utan um tölfræði um þetta á undanförunum árum. Á myndinni hér að neðan má sjá stöðu og þróun málshraða frá árinu 2013 til loka árs 2016.



Myndin sýnir hlutfall gulra (mál eldri en fjögurra mánaða) og rauðra mála (mál eldri en átta mánaða) sem hlutfall af heildarfjölda opinna mála í málaskrá á hverjum tíma. Meðalhlutfall rauðra mála yfir þetta tímabil er 13% og 22% fyrir gul mál.

Málsmeðferðartími hjá PFS 2016

Mál stofnuð 2016 sem lokað var á árinu



Hlutfall þeirra mála sem verða eldri en fjögurra mánaða í málaskrá gefur þó ekki glögga mynd af málsmeðferðartíma í einstökum málum. Haldið er sérstaklega utan um slíkar upplýsingar innan hvers árs fyrir sig. Á meðfylgjandi skifuriti sést yfirlit yfir afgreiðslutíma þeirra mála sem stofnuð voru á árinu 2016 og lauk á árinu. Þegar þessar tölur voru teknar saman í lok árs 2016 var 58 málum ólokið af þeim 1.110 sem voru stofnuð á árinu. Myndin sýnir að leyst er úr langflestum erindum sem stofnuninni berast innan þess tímabrests sem lög gera ráð fyrir eða innan 120 daga.

STARFSEMI PFS Í TÖLUM ÁRIÐ 2016

Tíðnum úthlutað

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar.....	20
Fastasambönd (fj. linka).....	90
Farstöðvarkerfi á VHF og UHF.....	90
MF og HF.....	2
Skammtímahljóðvarp.....	50
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila.....	25
Tímab. leyfi fyrir útlendinga.....	200

Númerum úthlutað

Fjöldi úthlutaðra númera.....	2.683.440
-------------------------------	-----------

Kvartanir vegna truflana

Kvartanir vegna truflana.....	89
-------------------------------	----

Útgáfa leyfisbréfa fyrir radiótæki

Flugvélar.....	109
Skip.....	449
Landfarstöðvar á metrabylgju - VHF.....	276
Landfarstöðvar á desimetrabylgju -UHF.....	3
Landfarstöðvar á millibylgju MF.....	6
Handstöðvar á metrabylgju VHF.....	357
Handstöðvar á desimetrabylgju.....	70
Landmóðurstöðvar á metrabylgju.....	2
Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju.....	0
Neyðarboðtæki (PLB).....	13

Útgáfa skirteina fyrir notendur

Fjarskiptaskirteini, skip (GOG).....	107
Fjarskiptaskirteini, skip (ROC).....	38
Amatörar, innlendir.....	19
Amatörar, erlendir.....	2
Amatörar, ýmislegt.....	15

Úthlutun einkennisnúmera

Númer fyrir skip.....	350
-----------------------	-----

Skoðanir á bátum og skipum - skipting eftir landssvæðum

Reykjavík.....	35
Norðvesturkjördæmi.....	36
Norðausturkjördæmi.....	42
Suðurkjördæmi.....	55
Suðvesturkjördæmi.....	19
Skip skráð erlendis.....	25
Skip skoðuð erlendis.....	6

Radióbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum

Bátar styttri en 24 m skoðaðir af skoðunarstofum og Samgöngustofu.....	1.161
Bátar lengri en 24 m og skip.....	212
Skemmtibátar skoðaðir af eigendum.....	82

Skráðar landstöðvar

Fastastöðvar

Metrabylgjustöðvar (VHF).....	370
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	53
Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	23
Boðtæki.....	18

Farstöðvar í bifreiðum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	444
Metrabylgjustöðvar (VHF).....	6.251
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	113

Handstöðvar og merkjasendar

Metrabylgjustöðvar (VHF).....	6.267
Desimetrabylgjustöðvar (UHF).....	1.460
Merkjasendar (vitar).....	44
PLB neyðarbaujur (406 MHz).....	52
Ýmis búnaður.....	167

Stöðvar í skipum

Millibylgjustöðvar (MF-SSB).....	16
Milli- og stuttbylgjustöðvar (Combined MF/HF).....	199
Metrabylgjustöðvar (VHF).....	3.086
Neyðartalstöðvar.....	579
Radarsvarar (UHF).....	231
Navtex (LF).....	220
Neyðarbaujur, frífljótandi (406 MHz).....	341
Neyðarbaujur í björgunarbátum og inni (406 MHz).....	2.505
Inmarsat B.....	2
Inmarsat C.....	234
Inmarsat M.....	9
AIS (Sjálfvirkt auðkenniskerfi).....	1.797

ÁKVARÐANIR OG ÚRSKURÐIR

Árið 2016 tók Póst- og fjarskiptastofnun 24 formlegar stjórnsýsluákvæðanir. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála kvað upp úrskurði í níu málum þar sem ákvæðanir PFS höfðu verið kærðar til nefndarinnar.

ÁKVARÐANIR PFS 2016

Ákvörðun 1/2016

Synjun endurúthlutunar á 2600 MHz tíðnisviðinu fyrir MMDS sjónvarpsútsendingar – 3. mars 2016

Beiðni Fjarskipta hf. (Vodafone) um að endurnýja tíðniheimild félagsins á 2600 MHz tíðnisviðinu fyrir MMDS sjónvarpsútsendingar til loka árs 2018 var hafnað. Hins vegar samþykkti stofnunin framlagða áætlun Vodafone um að færa viðskiptavini sjónvarpsþjónustunnar yfir í stafræna sjónvarpsþjónustu á UHF tíðnisviðinu, þó með þeirri breytingu að yfirfærslunni skuli vera lokið og útsendingum hætt á 2600 MHz tíðnisviðinu eigi síðar en 30. júní 2017.

Ákvörðun 2/2016

Umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunar-sjóði fyrir árið 2016 – 11. mars 2016

Umsókn Neyðarlínunnar ohf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2016 að upphæð kr. 59.488.798 samþykkt.

Ákvörðun 3/2016

Gildissvið bannákvæðis 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga – 11. apríl 2016

Póst- og fjarskiptastofnun komst að þeirri niðurstöðu að bannákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 nái til ólínulegrar myndmiðlunar.

Málið varðaði ágreining á milli Símans hf. (Síminn) og Fjarskipta hf. (Vodafone) um það hvort ofangreint ákvæði næði einungis til línulegra sjónvarpsútsendinga, eins og Síminn hélt fram, eða jafnframt til ólínulegrar myndmiðlunar, eins og Vodafone hélt fram og fjölmiðlanefnd tók undir í álitinu sínu. Ólínuleg (eða hliðruð) myndmiðlun getur falið í sér þjónustubætti á borð við Tímaflakk/Tímavél og Frelsi í sjónvarpi.

Samkvæmt ákvæðinu er fjölmiðlaveitu óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki. Síminn rekur bæði fjölmiðlaveitu og fjarskiptafyrirtæki. Vodafone taldi að með því að bjóða einungis upp á ólínulega myndmiðlun á efni Sjónvarps Símans á fjarskiptanetum Símasamstæðunnar væri Síminn að brjóta gegn umræddu bannákvæði.

PFS taldi rétt að útkljá umrætt álitaefni varðandi gildissvið ákvæðisins áður en afstaða yrði tekin til þess hvort Síminn hafi gerst brotlegur við það.

Ákvörðun 4/2016

Um útnefningu Mílu ehf. með alþjónustukvöð ásamt viðauka – 13. apríl 2016

Með ákvörðuninni er lögð ný alþjónustukvöð á Mílu um að útvega notendum tengingu við almenna fjarskiptanetið, en fyrri ákvörðun stofnunarinnar nr. 40/2014 var felld úr gildi af úrskurðarnefnd í máli nr. 3/2015, frá 26. janúar 2016.

Ákvörðun 5/2016

Fjarskiptasamband ábúanda í Strandasýslu – 10. maí 2016

Ákvörðunin varðaði erindi frá ábúanda í Strandasýslu á Vestfjörðum um rétt til alþjónustu. Í erindinu var óskað eftir svörum við því hvenær von væri á síma- og háhraða-tengingu líkt og allir landsmenn ættu rétt á. Samkvæmt ábúanda var um algjört sambandsleysi að ræða á bænum og tiltók hann að þar sem ekki virtist mögulegt að veita fastanetstengingu og þar með talsímaþjónustu, eins og lög gerðu ráð fyrir, þá myndi hann sætta sig við aðra kosti s.s. með GSM-sambandi (3G/4G). Slík lausn væri enda langtum ódýrari leið til þess að uppfylla ákvæði fjarskiptalaga um alþjónustu en með því að leggja streng í jörðu.

Í ákvörðuninni kom fram að í ákvæðum fjarskiptalaga fælist vissulega sú skylda að tryggja lögheimilum lágmarks-fjarskiptaþjónustu (alþjónustu) en að sá réttur til alþjónustu væri ekki án takmarkana. Þannig væri kostnaður við að veita alþjónustu bundinn tilteknum hámarkskostnaði, 650.000 kr. sem væri almennt viðmið um hámarkskostnað tengingar sem alþjónustuveitanda væri gert að bera. Kostnaður við að leggja heimtaug að bænum væri hins vegar langt umfram þá upphæð, eða um 40 milljónir kr. Var það mat PFS að sá kostnaður væri langt umfram fyrrgreinda hámarksbyrði alþjónustuveitanda samkvæmt gildandi alþjónustukvöð.

Ákvörðun 6/2016

Samþykki hækkunar á gjaldskrá bréfa innan einkaréttar – 30. maí 2016

Beiðni Íslandspósts um að gjaldskrá innan einkaréttar hækkaði um 3% var samþykkt, enda hefðu orðið ákveðnar breytingar á þeim forsendum sem gengið hafði verið út frá.

Hinar samþykktu hækkunar voru eftirfarandi:

A póstur hækkaði úr 170 kr. í 175 kr., B póstur hækkaði úr 155 kr. í 160 kr., AM (A magnpóstur) hækkaði úr 130 kr. í 135 kr. og BM (B magnpóstur) hækkaði úr 110 kr. í 114 kr.

Ákvörðun 7/2016

Endurnýjun tíðniheimilda á 900 MHz tíðnisviðinu – 20. júní 2016

Samþykktar voru umsóknir frá Símanum hf. og Vodafone um að tíðniheimildir félaganna á 900 MHz tíðnisviðinu, hvor um sig 2x5 MHz, yrðu endurnýjaðar.

Ákvörðun 8/2016

Lokun póstafréttislu í Vogum (póstnúmer 190) – 18. júlí 2016

Beiðni Íslandspósts um heimild til að loka póstafréttislu fyrirtækisins í Vogum samþykkt. Í staðinn ætlar Íslandspóstur að nota póstabíll til að sinna þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Ákvörðun 9/2016

Viðmiðunartilboð Milu fyrir heilðsöluaðgang að heimaugum – 9. ágúst 2016

Samþykkt voru drög Milu að nýju viðmiðunartilboði með tilteknum breytingum. Meðal helstu nýmæla var að hið nýja viðmiðunartilboð tekur jafnt til koparheimtauga sem ljósleiðaraheimtauga, en áðurgildandi viðmiðunartilboð sem var að stofni til frá 2009 tók aðeins til koparheimtauga, auk þess að hafa að geyma ákvæði um gæðaviðmiðunarsamninga og gæðatryggingar.

Ákvörðun 10/2016

Afturköllun skráningar iCell ehf. – 15. ágúst 2016

Vegna vanskila iCell á rekstragjöldum, þ.m.t. gjald fyrir tíðni, var skráning félagsins sem fjarskiptafyrirtækis felld niður með tilvísan til laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Ákvörðun 11/2016

Undanþága póstinúmera frá gæðakönnunum – 2. september 2016

Póst- og fjarskiptastofnun heimilaði Íslandspósti að undanskilja þau heimili sem ekki nyttu fimm daga þjónustu frá því að vera þátttakendur í þeim könnunum sem mældu hraða póstsendinga. Tiltekið var að nauðsynlegt væri að um leið yrðu gerðar breytingar á póstinúmerakerfi fyrirtækisins til að afmarka þá notendur sem breytingin tæki til. Undantekningin náði ekki til mælinga á B-pósti innanlands, enda fjöldi dreifingardaga nægur til að Íslandspóstur gæti uppfyllt þær gæðakröfur sem giltu um B-póst á landsvísi.

Ákvörðun 12/2016

VDSL þjónusta Milu í nýjum götuskápum í Holtahverfi á Ísafirði – 9. september 2016

Fjarskiptafyrirtækið Snerpa ehf. sem er með starfsemi á Ísafirði og nágrenni, hélt því fram að Mila hefði gerst brotleg við fyrir mæli PFS í ákvörðun nr. 34/2014, þess efnis að Milu hafi verið óheimilt að hefja veitingu VDSL þjónustu (Ljósnet) í Holtahverfi á Ísafirði fyrr en Snerpa

hefði fengið fullnægjandi sýndaraðgang (VULA) að heimaugum sem tengdar væru um eldri götuskápa við þrjár tiltekna götur í umræddu hverfi.

Niðurstaða stofnunarinnar var að Mila ehf. hafi ekki brotlið gegn umræddri ákvörðun PFS nr. 34/2014.

Ákvörðun 13/2016

Um aðild Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Fjarskipta hf. að máli er varðar meint brot Símans hf. á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga – 29. september 2016

PFS ákvarðaði að Gagnaveita Reykjavíkur og Fjarskipta (Vodafone) nyttu aðildar að máli er stofnunin væri með til meðferðar og varðaði meint brot Símans á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, sem kveður á um að fjölmiðlaveitu sé óheimilt að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Ákvörðun 14/2016

Heilðsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum – 17. október 2016

Ákvörðunin varðar heilðsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum á heilðsölumarkaði. Mælt var fyrir um að niðurstaða verðsamanburðar sem stofnunin hefði framkvæmt yrði grundvöllur hámarks-lúkningarverða Símans, Vodafone, Nova, IMC/Alternia og 365 á árinu 2017. Samkvæmt verðsamanburðinum skyldi hámarksverðið lækka í 1,23 kr./mín um áramótin 2016/2017.

Ákvörðun 15/2016

Synjun um úthlutun á aukatíðni fyrir Útvarp Sögu og stöðvun á notkun tíðninnar 102,1 MHz – 25. október 2016

Umsókn SagaNet ehf. um aukatíðni fyrir Útvarp Sögu var hafnað og lagt fyrir fyrirtækið að hætta notkun á tíðninni 102,1 MHz þar sem tímabundið leyfi til prófana væri útrunnið.

Á árinu 2015 heimilaði PFS SagaNet ehf. að nota tíðnina 102,1 MHz tímabundið, í þeim tilgangi að prófa hvort hún hentaði betur til útvarpsdreifingar á höfuðborgarsvæðinu, heldur en tíðnin 99,4 MHz sem útvarpsstöðin hefði heimild til að nota. Í apríl 2016 sótti SagaNet ehf. um að fá varanlega heimild til þess að nota báðar tíðnirnar. Vegna eftirspurnar eftir FM-tíðnum á undanförunum árum er ekki svigrúm til þess að úthluta fleiri en einni tíðni til hvers aðila á sama svæði og hefur PFS hafnað öllum erindum þar að lútandi sl. 18 ár.

Ákvörðun 16/2016

Notkun tölvupósts sem sendur var fyrir meint mistök – 26. október 2016

Ákvörðunin varðaði kvörtun einstaklings vegna þess að einkatölvupóstur sem viðkomandi sendi til annars einstaklings var áframsendur annað og endaði sem umfjöllunarefni í fjölmiðlum.

Var kvörtunin send inn til Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti þar sem segir: Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skyld er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

Þar sem kvartandi sendi sjálfur upphaflega póstinn og ekki um nein mistök af hans hálfu að ræða taldi PFS að ákvæðið ætti ekki við hann í þessu tilfelli. Þá lægi ekkert fyrir í gögnum málsins um að sá sem áframsendi póstinn frá kvartanda hafi gert það fyrir mistök og hefði hann hvorki lagt fram kvörtun þess efnis né tjáð sig um málið að öðru leyti. Málinu var því vísað frá á grundvelli aðildarskorts.

Ákvörðun 17/2016

Heildsölugjaldskrá fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum – 28. október 2016

Með ákvörðuninni var mælt fyrir um að niðurstaða verðsamanburðar sem stofnunin hefði framkvæmt yrði grundvöllur hámarksverða fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 2/2008 og 3/2008).

Skyldi heildsölugjald fyrir upphaf símtala í föstu talsímaneti Símans að hámarki 0,50 kr./mín. Þá skyldi heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum verða 0,14 kr./mín. og skyldi það verð gilda sem hámarksverð hjá Símanum, Vodafone, Nova, Símafélaginu og Hringdu. Hin nýju heildsöluverð skyldu taka gildi frá og með 1. janúar 2017.

Ákvörðun 18/2016

Framkvæmd útburðar Íslandspósts ohf. á póstsendingum vegna atkvæðagreiðslu um kjarasamning ASÍ og SA – 17. nóvember 2016

Í málinu hélt Alþýðusamband Íslands (ASÍ) því m.a. fram að Íslandspósti (ÍSP) hefði borið að bera út póstsendingar í samræmi við utanáskrift eða skráð lögheimili viðtakanda. ÍSP hafði hins vegar endursent til ASÍ rúmlega 3000 bréf af um 75.000. Ástæða endursendingarinnar var að ÍSP hafði upplýsingar um að viðkomandi aðilar byggju ekki lengur á umræddum heimilisföngum og byggði fyrirtækið þær upplýsingar m.a. á upplýsingum úr svokölluðum póstfangagrunni, þar sem fyrirtækið heldur utan um staðsetningu íbúa landsins í því skyni að auðvelda útburð og gera hann skilvirkari.

PFS komst að þeirri niðurstöðu að framkvæmd ÍSP hefði verið í samræmi við ákvæði laga um póstpjónustu, þar sem kveðið er á um hvert afhenda skuli póstsendingar. Einnig taldi stofnunin að framkvæmd ÍSP hafir verið í

samræmi við þá grein laganna sem kveður á um að póstrekendur skuli gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skila og að endursenda skuli póstsendingar vegna rangs eða ónógs heimilisfangs. Jafnframt var það niðurstaða stofnunarinnar að starfræksla póstfangagrunns fæli í sér vinnslu persónuupplýsinga sem heyrði undir Persónuvernd.

Ákvörðun 19/2016

Álagning dagsekta á 365 miðla ehf. – 16. desember 2016

Vegna vanefnda 365 miðla ehf. á uppbyggingu háhraðafarnets skv. tíðniheimild fyrirtækisins á 800 MHz tíðni sviðinu ákvað stofnunin að leggja, þann 16. janúar 2017, dagsektir á fyrirtækið að upphæð kr. 100.000 fyrir hvern dag sem liði þar til byggt hefði verið háhraðafarnet, með 10 Mb/s gagnaflutningshraða, sem næði til 70% landsmanna skv. skilmálum tíðniheimildarinnar. Uppsöfnuð sektarfjárhæð yrði innheimt á 14 daga fresti þar til skyldunni hefði verið fullnægt.

Ákvörðun 20/2016

Umsókn Félags heyrnarlausa um að myndsímatúlkun falli undir reglur um alþjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti – 16. desember 2016

Með ákvörðuninni var hafnað þeirri kröfu Félags heyrnarlausa um að myndsímatúlkun falli undir „þjónusta við öryrkja og notendur með sérstakar þjófélagsþarfir“ og þar með undir hugtakið alþjónusta, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og ætti þ.a.l. að vera fjármögnuð úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Ákvörðun 21/2016

Afturköllun á tíðniheimild iCell ehf. á 3,5 GHz tíðnisviði – 20. desember 2016

Tíðniheimild iCell ehf. var afturkölluð þar sem skilyrði tíðniheimildar voru ekki lengur uppfyllt.

Ákvörðun 22/2016

Útnefning fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagning kvaða á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum (markaður 1/2016) – 23. desember 2016

Með ákvörðuninni voru Síminn, Vodafone, Nova, Hringdu, Símafélagið og Tismi útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum talsímanetum og viðeigandi kvaðir lagðar á fyrirtækin, þ.m.t. kvöð um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá. Frá 31. desember 2017 skuli aflétt kvöð af Símanum um opinbera birtingu viðmiðunartilboðs og kvöð um bókhaldslega aðgreiningu af Símanum og Vodafone.

Ákvörðun 23/2016

Um niðurfellingu kvaða á smásöllumarkaði fyrir aðgang að fasta almenna talsímanetinu og heildsöllumarkaði fyrir upphaf símtala í fasta almenna talsímanetinu (markaðir 1-2/2008) – 23. desember 2016

Með ákvörðuninni er kvöðum aflétt af Símanum á heildsöllumarkaði fyrir upphaf símtala þar sem viðkomandi markaður uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir útnefningu aðila með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða, þar sem ekki eru lengur fyrir hendi verulegar aðgangshindranir á viðkomandi markaði. Einnig er kvöðum aflétt af Símanum á smásöllumarkaði fyrir aðgang að almenna talsímanetinu af sömu ástæðu. Stofnunin leysi Símann undan kvöðum á viðkomandi mörkuðum í árslok 2017, þannig að fjarskiptafyrirtæki í heildsöluviðskiptum við Símann hafi hæfilegan aðlögunartíma til að mæta breyttum aðstæðum.

Ákvörðun 24/2016

Öryggisatvik á vefsvæði Fjarskipta hf. í nóvember 2013 – 29. desember 2016

Ákvörðunin markaði lok á rannsókn stofnunarinnar á öryggisatviki sem upp kom á vefsvæði Fjarskipta hf. í nóvember 2013 þegar brotist var inn á vefkerfi félagsins sem innihélt vefsvæðið vodafone.is og „Mínar síður“ félagsins. Í öryggisatvikinu var gögnum sem vistuð voru á vefsvæðinu stolið og þau birt opinberlega á Internetinu. Um var að ræða innihald smáskilaboðasendinga (SMS), umferðarskráningar þeirra, notendanöfn viðskiptavina félagsins o.fl. Rannsókn stofnunarinnar laut að því hvort Fjarskipti hf. hafi, þegar öryggisatvikið átti sér stað, farið að þeim ákvæðum fjarskiptalaga, nr. 81/2003, og afleiddra réttarheimilda sem kveða á um öryggi og leynd fjarskipta og viðhaft viðeigandi ráðstafanir til verndar þeim upplýsingum sem geymdar voru á vefsvæði félagsins. Var það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirtækið hefði ekki viðhaft tilskyldar öryggisráðstafanir og hefði brotið gegn meginákvæðum fjarskiptalaga um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐARNEFNDAR FJARSKIPTA- OG PÓSTMÁLA

Úrskurður í máli nr. 3/2015

Kæra Mílu á ákvörðun PFS nr. 40/2014 – 26. janúar 2016

Með úrskurðinum er felld úr gildi ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 40/2014 um útnefningu Mílu ehf. með alþjónustukvöð.

Úrskurður í máli nr. 6/2015

Kæra Sjálfstæðisflokksins á ákvörðun PFS nr. 13/2015 – 9. júní 2016

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 13/2015, um óumbeðin fjarskipti Sjálfstæðisflokksins, er felld úr gildi.

Úrskurður í máli nr. 8/2015 – lokaúrskurður

Kæra Mílu á ákvörðun PFS nr. 21/2015 – 9. júní 2016

Með úrskurðinum er staðfest ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2015 um að Míla hafi stöðu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi heildsöllumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína.

Úrskurður í máli nr. 5/2016

Kæra Símans á málsmeðferðarákvörðun PFS um aðild GR og Vodafone að máli er varðar meint brot Símans á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, nr. 38/2011 – 11. október 2016

Úrskurðarnefnd staðfesti ákvörðun PFS nr. 13/2016 um aðild Gagnaveitu Reykjavíkur og Fjarskipta (Vodafone) að máli er varðar meint brot Símans á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga. Í því ákvæði er fjölmiðlaveitu bannað að beina viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki.

Úrskurður í máli nr. 7/2015

Kæra Íslandspósts á ákvörðun PFS nr. 17/2015 – 19. október 2016

Ákvörðun PFS nr. 17/2015 þar sem stofnunin hafnaði forsendum og niðurstöðu Íslandspósts (ÍSP) vegna mats á alþjónustubyrði félagsins sem tilheyrja ætti kostnaðargrunni einkaréttar var staðfest.

Úrskurður í máli nr. 3/2016

Kæra Símans á ákvörðun PFS nr. 3/2016 – 21. nóvember 2016

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála staðfesti ákvörðun PFS nr. 3/2016 um að bannákvæði 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 tæki til hliðraðrar myndmiðlunar (ólinuleg sjónvarpsmiðlun) ekki síður en til sjónvarpsút-sendinga í rauntíma (línulegrar myndmiðlunar).

Úrskurður í máli nr. 7/2016

Um frestun réttaráhrifa – Kæra SagaNet-Útvarp Sögu ehf., á ákvörðun PFS, nr. 15/2016, um synjun á úthlutun á aukatíðni fyrir Útvarp Sögu og stöðvun á notkun tíðninnar 102,1 MHz. – 2. desember 2016

Úrskurðarnefnd hafnar kröfu SagaNet – Útvarps Sögu ehf. um að fresta réttaráhrifum ákvörðunar PFS nr. 15/2016 um að Útvarp Saga skuli hætta að nota tíðnina 102,1 þar sem tímabundinni heimild fyrir notkuninni var lokið.

Úrskurðir í málum nr. 10/2015 og 11/2015
Sjá nánar á bls. 33 →

TÆKNILEGUR FRÁGANGUR GETUR VARÐAÐ MIKLA HAGSMUNI, ÚRSKURÐIR ÚRSKURÐARNEFNDAR Í MÁLUM NR. 10/2015 OG 11/2015

Árið 2014 kærði Míla Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) til PFS og taldi GR hafa brotið reglur PFS um innanhússfjarskiptalagnir með því að sjóða strengenda ljósleiðara beint á innanhússlögn í húskassa í stað þess að nota sérstakan tengilista eins og kveðið var á um í reglum.

Í ákvörðun sinni nr. 32/2014 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að frágangur á tengingum GR væri ekki samkvæmt þágildandi reglum nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir og skyldi GR nota þar til gerða tengilista og lagfæra þær tengingar sem tengdar höfðu verið með bræðisuðu á eigin kostnað.

GR kærði ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar, sem staðfesti efnislega niðurstöðu PFS með lokaúrskurði sínum í máli nr. 5/2014, en felldi úr gildi fyrirmæli stofnunarinnar til GR um að lagfæra á eigin kostnað þær tengingar sem tengdar höfðu verið með bræðisuðu.

Næst sendi Míla inn formlegt erindi til PFS þar sem þess var krafist að GR framkvæmdi úrbætur á frágangi strengenda heimtaugar, þar sem hún tengist innanhússlögn í húskassa í tilteknum húseignum á höfuðborgarsvæðinu.

Endurtók PFS þá rannsókn málsins frá grunni, m.a. með því að yfirfara lagagrundvöll þess með tilliti til framkominna sjónarmiða málsaðila. Fyrir lá að frágangur GR á strengendum ljósleiðaraheimtauga í húskössum bryti gegn 7. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir.

Varðandi kröfu um úrbætur þyrfti á hinn bóginn að horfa til þess að innanhússlagnir frá samtengipunkti í húskassa væru á ábyrgð húseiganda, samkvæmt 60. gr. fjarskiptalaga og 4. gr. reglna PFS nr. 1109/2006 um innanhússfjarskiptalagnir. Í ljósi ábyrgðar húseiganda var það niðurstaða PFS að Míla gæti ekki beint kröfu um úrbætur að GR. Var kröfu Mílu því hafnað með ákvörðun PFS nr. 29/2015 þann 6. nóvember 2015.

Míla kærði þessa ákvörðun PFS þann 2. desember 2015. Þann 15. desember tóku gildi nýjar reglur um innanhússfjarskiptalagnir nr. 1111/2015, sem heimiluðu það verklag sem GR viðhafði við frágang tenginga í húskassa að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Með úrskurði sínum í máli nr. 10/2015 þann 30. desember 2016 komst úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að þeirri niðurstöðu að Míla hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins í ljósi þess að krafa félagsins byggði á eldri reglum um innanhússfjarskiptalagnir sem nú væru úr gildi fallnar. Var kröfu Mílu því vísað frá.

Þann 16. desember, áður en úrskurðarnefnd hafði birt úrskurð sinn, barst PFS enn á ný krafa frá Mílu. Annars vegar um að PFS hlutaðist til um að GR bætti úr ólögum ástandi fyrir eigin kostnað, að viðlögðum dagsektum og hins vegar að PFS tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu. Með bréfi þann sama dag hafnaði PFS að taka þessar kröfur til frekari meðferðar í ljósi þess að eldri reglur frá 2006 um innanhússfjarskiptalagnir, sem krafan um úrbætur byggði á, voru úr gildi fallnar. Míla kærði þessa niðurstöðu PFS til úrskurðarnefndar sem þann 30. desember staðfesti hana með vísan til sömu forsendna í máli nr. 11/2015.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2016

Tekjur	2016	2015
Markaðar tekjur.....	401.395.646	392.092.183
Rekstrartekjur	<u>36.162.800</u>	<u>32.106.497</u>
	<u>437.558.446</u>	<u>424.198.680</u>
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	280.199.394	261.374.216
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	20.644.443	19.990.196
Funda- og ferðakostnaður	13.156.679	14.650.702
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	22.968.494	13.804.764
Rekstur tækja og áhalda	971.669	775.457
Annar rekstrarkostnaður	6.078.819	5.120.926
Húsnæðiskostnaður	19.185.013	20.745.285
Félagsgjöld til alþjóðastofnana	12.748.205	30.755.505
Bifreiðakostnaður	<u>1.322.970</u>	<u>1.292.391</u>
	<u>377.275.686</u>	<u>368.509.442</u>
Eignakaup.....	<u>11.646.897</u>	<u>14.097.886</u>
	<u>388.922.583</u>	<u>382.607.328</u>
Tekjuafgangur fyrir hrein fjármagnsgjöld	48.635.863	41.591.352
Hreinar fjármunatekjur.....	<u>2.363.378</u>	<u>2.572.629</u>
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	50.999.241	44.163.981
Ríkisframlag	<u>5.000.000</u>	<u>5.000.000</u>
Tekjuafgangur ársins	<u><u>55.999.241</u></u>	<u><u>49.163.981</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

Eignir	2016	2015
Veltufjármunir		
Ríkissjóður.....	176.659.185	137.301.970
Viðskiptakröfur.....	19.668.529	9.313.884
Handbært fé.....	43.408.916	32.405.057
	<u>239.736.630</u>	<u>179.020.911</u>
Eignir alls	<u>239.736.630</u>	<u>179.020.911</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	(11.343.199)	(16.807.180)
Millifært á bundið eigið fé	(27.000.000)	(43.700.000)
Flutt af bundnu eigið fé	5.700.000	0
Tekjuafgangur ársins	55.999.241	49.163.981
	<u>Höfuðstóll</u>	<u>23.356.042</u>
		(11.343.199)
Annað eigið fé:		
Bundið eigið fé	201.300.000	180.000.000
	<u>Eigið fé</u>	<u>224.656.042</u>
		<u>168.656.801</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir.....	15.080.588	10.364.110
	<u>Skuldir</u>	<u>15.080.588</u>
		<u>10.364.110</u>
Eigið fé og skuldir	<u>239.736.630</u>	<u>179.020.911</u>

SKRÁÐ FJARSKIPTAFYRIRTÆKI Í LOK ÁRS 2016

Nafn	Skráð dags	Starfsemi
1819 – Nýr valkostur ehf.	20.6.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
365-miðlar ehf.	17.1.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Advania hf.	17.4.2002	Gagnaflutningsþjónusta
Alterna Tel ehf.	8.1.2010	Talsíma-, farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Alþingi	23.3.2015	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Austurljós ehf.	5.3.2015	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Ábótinn ehf.	28.3.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Árvakur hf.	26.1.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Ásaljós	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Backbone ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Bloomberg Finance L.P.	19.7.2007	Leigulínuþjónusta og almennt fjarskiptanet
Boðleið Þjónusta ehf.	1.12.2015	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta og rekstur fastlínu fjarskiptanets
Brimrún ehf.	3.4.2008	Gagnaflutningsþjónusta um gervitungl
BT Solutions Limited, útibú á Íslandi	28.7.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Caze ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Colt Technology Services AB	29.9.2015	Gagnaflutningsþjónusta
DataBox ehf.	13.12.2010	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Datacell ehf.	25.8.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Davið og Golíat ehf.	3.5.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DCN Hub ehf.	10.12.2012	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
DVD-Margmiðlun ehf.	6.2.2004	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
Equant á Íslandi ehf.	7.7.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Eyja- og Miklaholtshreppur	29.9.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Factor ehf.	30.5.2013	Gagnaflutningsnet- og gagnaflutningsþjónusta
Farice ehf.	2.9.2003	Sæstrengur
Feris ehf.	6.1.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Fjarskiptafélag Skagabyggðar	8.6.2016	Gagnaflutningsnet
Fjarskiptafélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf.	8.3.2013	Gagnaflutningsnet
Fjarskipti hf.	27.3.2007	Talsímaþjónusta, farsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fjölnet ehf.	26.10.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Fónn ehf.	26.5.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Gagnaveita Helgafellssveitar	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Gagnaveita Hornafjarðar ehf.	13.2.2013	Fjarskiptanet
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	23.3.2007	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Gagnaveita Suðurlands ehf.	9.12.2013	Gagnaflutningsþjónusta

Gagnaveitan ehf.	8.6.2011	Fjarskiptaþjónusta
GlobalCall ehf.	4.9.2008	Talsímaþjónusta
Global Mission Network ehf.	16.12.2014	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Halló ehf.	23.5.2014	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Hátíðni hf.	24.1.2001	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hitaveita Tálknafjarðarhrepps	24.6.2015	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Hópkaup ehf.	28.4.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
Hringdu ehf.	9.11.2010	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Hringiðan ehf./Vortex Inc.	3.12.1998	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Hvalfjarðarsveit	31.3.2014	Fjarskiptanet
iCell ehf.	25.8.2010	GSM, talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta o.fl.
Icelandair ehf.	14.2.2014	Fjarskiptanet
IMC Ísland ehf.	27.6.2000	DCS 1800 farsímaþjónusta
Internet á Íslandi hf.	3.2.1998	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
IRJA ehf.	3.5.2010	Gagnaflutningsþjónusta
Isavia ohf.	30.12.2010	Talþjónusta við flugvélar og rekstur fastlínu fjarskiptakerfis
Já hf.	21.11.2007	Útg. síma- og vistfangaskrár. Símauppl.þjónusta
Kukl ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Landhelgisgæsla Íslands	1.1.2011	Rekstur og útleiga NATO ljósleiðarastrengs
Level 3 Communications Iceland ehf.	1.12.2015	Rekstur fjarskiptanets og gagnaflutningsþjónustu
Lindin, kristið útvarp	26.1.2015	Hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
LIF í Mýrdal ehf.	15.9.2014	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Ljós og gagnaleiðari ehf.	10.8.2009	Gagnaflutningsnet
Ljósfesti ehf.	19.12.2016	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Loki Telecom ehf.	4.5.2015	Rekstur fastlínu og þráðlaus fjarskiptanets, gagnaflutningsþjónusta um þráðlaus og fastanet og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Magnavík ehf.	1.4.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Martölvan ehf.	26.11.2007	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Mila ehf.	4.4.2007	Fjarskiptanet
Mobiweb Telecom Limited	19.12.2016	Farsímaþjónusta
Nepal hugbúnaður	21.2.2005	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
Neyðarlínan hf.	6.10.1999	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvör
Nextgen Mobile Ltd.	11.11.2013	Farsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Nordic Networks ehf.	24.11.2016	Sæstrengur og gagnaflutningsþjónusta
Nova ehf.	12.7.2006	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Nýherji hf.	12.12.2011	Gagnaflutningsþjónusta
OnAir S.A.R.L.	29.4.2008	Farsímaþjónusta um borð í flugvélum (MCA)
Opex ehf.	12.9.2013	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
Opin kerfi hf.	25.2.2011	Gagnaflutningsþjónusta
Orkufjarskipti hf.	26.10.2001	Fjarskiptanet

Radíó ehf. - Íslensk fjarskipti	22.8.2006	Fjarskiptaþjónusta
Radíóvík ehf.	14.5.2004	Rekstur kapalkerfis
Rafey ehf.	18.8.2015	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Rangárljós	29.8.2016	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Rekstrarráðgjöf og bókhald ehf.	24.3.2014	Gagnaflutningsþjónusta
Ríkisútvarpið ohf.	29.7.1997	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
Sensa ehf.	19.12.2016	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet
Símafélagið ehf.	15.10.2008	Talsímaþjónusta og fjarskiptanet
Símaþjónustan ehf.	28.6.2013	Talsímaþjónusta
Síminn hf.	1.4.2007	Talsímaþjónusta, GSM, gagnaflutningsnet o.fl.
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.	8.10.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Snerpa ehf.	17.8.2000	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
Softverk ehf.	20.3.2009	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
SportTV ehf.	12.8.2013	Sjónvarp, hljóðvarp og fjarskiptaþjónusta
Streaming Media ehf.	10.10.2014	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets, gagna-flutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Stykkishólmsbær	2.5.2002	Gagnaflutningsnet
Sumarsól ehf.	1.12.2015	Upplýsingaþjónusta um símanúmer
TELE Greenland A/S	24.6.2008	Sæstrengur
Tengir hf.	20.9.2002	Ljósleiðaranet
Thor Telecom Ísland ehf.	15.10.2014	Gagnaflutningsþjónusta um fastanet og þráðlaus net og hljóðvarps- og/eða sjónvarpsdreifing
Tismi BV	5.3.2015	Tal- og farsímaþjónusta
TSC ehf.	18.1.2002	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands ehf.	29.3.2004	Gagnaflutningsþjónusta
Tölvun ehf.	25.4.2003	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Tölvustoð ehf.	15.4.2009	Gagnaflutningsþjónusta
Upplýsingatæknifélagið Omnis ehf.	28.1.2013	Gagnaflutningsþjónusta
Vegagerðin	7.1.2016	Rekstur fastlínu fjarskiptanets
Viking Travel slf.	5.3.2015	Rekstur þráðlauss fjarskiptanets, gagna-flutningsþjónusta um þráðlaus net og talsíma- og farsímaþjónusta
Þekking - Tristan hf.	16.1.2004	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
Þorvaldur Stefánsson	14.10.2014	Skipaþjónustugagna- flutningur
Öryggisfjarskipti ehf.	6.10.2008	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA





PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN